Sóknarfæri

Júní 2020

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

Gleðilega sjómannadagshátíð!

RIT FORM

Sjómannadagur í skugga Covid-19

Jóhann Ólafur Halldórsson ritstjóri skrifar.

Sjómenn vita það manna best að á öllu má eiga von. Ekkert er sjálfgefið. Það er engu hægt að slá föstu um fiskiríið og enn síður um veðrið. Engan í sjómannastétt frekar en í öðrum stéttum eða almennt í heiminum hefði grunað að á fáum vikum þyrfti að ganga í gegnum heimsfaraldur sem sneri allri vinnu og daglegu lífi nánast á haus. Lífið gengur sinn vanagang, segir einhvers staðar og má segja að það eigi ágætlega við um störf sjómanna því svo merkilegt sem það er þá tókst sjómönnum og útgerðum að haga sinni vinnu á sjó með þeim hætti að framfylgt væri öllum sóttvarnartilmælum. Síðustu vikur hafa hreint ekki verið auðveldar sjómönnum hvað þetta varðar. Vissulega dró víða úr sókn sem öðru fremur skýrist þó af samdrætti á afurðamörkuðum en almennt eru allir sammála um að sjómönnum hafi tekist vel að fella sín daglegu störf að þessari veröld sem skyndilega breyttist. Hjólin munu síðan væntanlega færast í eðlilegt horf á næstu mánuðum, verði ekki bakslag í þróun Covid-farsóttarinnar.

En áhrifanna mun gæta víðar. Hátíðarhöld sjómannadagsins verða með allt öðrum hætti og falla víða algjörlega niður, líkt og flestar bæjarhátíðir landsmanna á þessu sumri. Engu að síður munu skipin sigla til hafnar líkt og lögbundið er og sjómenn fagna deginum með fjölskyldum sínum.

Sjómenn hafa ekki aðeins þurft að glíma við kórónuveirufaraldurinn á þessum vetri því vetrarmánuðirnir voru með versta móti hvað veðurfarið áhrærir. Miklir vindhvellir gengu yfir landið slag í slag og líkt og Ríkharður Jón Stefansson, sjómaður í Vestmannaeyjum, bendir á í viðtali hér í blaðinu þá voru þeir tíðu vindakaflar sem hafa verið síðustu árin hér á landi óþekktir hjá sjómönnum þegar hann var að byrja í sjómennsku fyrir rúmum 40 árum. Þegar þetta atriði er nefnt er einnig rétt að undirstrika mikilvægi vandaðra veðurupplýsinga við þessar aðstæður. Þær gera sjómönnum og útgerðarmönnum kleift að forðast veðurhaminn og auka þannig öryggi skipanna og áhafna. Vafalítið hafa þær öflugu veðurupplýsingar sem stuðst er við í dag bjargað mörgum mannslífum á síðari árum.

Öryggismálin eru eitt allra mikilvægasta hagsmunamál sjómanna. Við gleðjumst yfir hverju árinu sem líður án þess að mannslíf týnist á sjó en síðustu þrjú ár hafa verið samfellt gæfuskeið hvað það varðar. Öryggismálin eru sífellt tekin fastari tökum, bæði með starfi Slysavarnaskóla sjómanna, áherslu fyrirtækja á málaflokkinn og síðast en ekki síst er það vitund sjómannanna sjálfra fyrir öryggismálunum sem öllu skiptir.

Gleðilegan sjómannadag.

Sóknarfæri
Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

RITFORM

Útgefandi: Ritform ehf.
Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).
Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir
inga@ritform.is
Forsíðumynd: Þorgeir Baldursson

Prentun: Landsprent ehf.

Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is

Gott til endurvinnslu

Daglegar fréttir af íslenskum sjávarútvegi

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022 - inga@ritform.is

Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

■ Ögmundur Haukur Knútsson, fiskistofustjóri. „Gagnsæi og traust eru lykilatriði fyrir greinina og okkar starf skiptir miklu í að efla það. Því meira gagnsæi, því heilbrigðara verður kerfið."

Aukið sjálfvirkt eftirlit og tölfræðivinnsla skilar aðhaldi

segir Ögmundur Haukur Knútsson sem tók við starfi fiskistofustjóra þann 1. maí síðastliðinn

Ögmundur Haukur Knútsson tók þann 1. maí síðastliðinn við stöðu fiskistofustjóra. Ögmundur er viðskiptafræðingur að mennt og doktor í þeim fræðum. Lengstum hefur Ögmundur unnið við Háskólann á Akureyri og sinnt bæði rannsóknarverkefnum og kennslu en síðustu misseri hefur hann unnið að sjálfstæðum sjávarútvegstengdum verkefnum, fyrst og fremst erlendis. En það á við um hann eins og svo marga sem hafa slitið barnsskónum við sjávarsíðuna að fyrsta starfið á lífsleiðinni var við fiskvinnslu og þangað stefndi hugurinn fljótlega.

Verkstjóri í frystihúsinu á Grenivík

„Ég byrjaði að vinna 11 ára í frystihúsinu á Grenivík og fór ekki hefðbundna leið í framhaldsskóla heldur tók Fiskvinnsluskólann og starfaði síðan í frystihúsi Kaldbaks á Grenivík um nokkurra ára skeið og var m.a. verkstjóri þar. Ég innritaðist í fyrsta árganginn í iðnrekstrarfræði við Háskólann á Akureyri árið 1987. Í framhaldi af BS prófi í viðskiptafræði vann ég hjá Háskólanum á Akureyri bæði með námi og eftir og kom þar að ég held að fyrsta verkefni RHA um samanburð á rækjuvinnslum á Íslandi. Það var mikið verkefni og áhugavert," segir Ögmundur.

Stóru sölusamtökin hamlandi undir það síðasta

Árið 1995 fór Ögmundur í doktorsnám og ákvað að rannsaka í sínu doktorsverkefni starf stóru sölusamtakanna, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og SÍF.

„Þau voru þarna komin í umbreytingarferli, hlutafélagavæðing byrjuð og menn að reyna að brjótast út úr einokunarsölunni á saltfiski. Í stuttu máli átti ég fyrirfram von að rannsókn mín kæmi til með að sýna fram á mikilvægi þess að vera með sölustarfið í stórum heildarsamtökum áfram en að verkefninu loknu var niðurstaðan önnur. Stóru sölusamtökin gerðu vissulega mikið gagn á sínum tíma. Þau efldu gæðavitund í greininni, byggðu upp sölu- og markaðsstarf og komu upp skilvirku kerfi sem við búum að enn þann dag í dag. En þegar ég fór að rannsaka þetta betur, taka viðtöl við aðila í greininni og skoða söguna kom æ betur í ljós að miðstýringin hafði hamlað framþróun síðustu árin. Það var komið til sögunnar fólk í greininni sem t.d. hafði lært erlendis, hafði markaðsþekkingu, kunni tungumál og hafði færni til að hafa bein samskipti við markaðinn. Ég þekkti það vel úr mínum störfum í fiskvinnslunni á sínum tíma að öll samskipti urðu að vera beint við höfuðstöðvar sölusamtakanna og óþekkt að við sem vorum að vinna í greininni hefðum bein samskipti við kaupendur. Fyrirtæki í greininni voru líka að verða mun öflugri og urðu það sérstaklega í kjölfar heimilda til framsals aflaheimilda árið 1991. Öll tölfræði um greinina sýnir líka að hagnaður fór að myndast í sjávarútvegi þegar nálgaðist aldamótin þegar hin mikla hagræðing í kjölfar framsalsins tók að skila sér af fullum þunga," segir Ögmundur.

Margföldun á afköstum greinarinnar

Hafandi starfað við rannsóknir og kennslu tengt sjávarútvegi til margra ára þekkir Ögmundur vel hvernig greinin hefur þróast á undanförnum áratugum og segir vissulega rétt að tilkoma kvótakerfisins og framsalsins hafi miklu breytt, t.d. fyrir einstök byggðarlög. Hins vegar verði ekki framhjá því litið að hagræðingin hafi skilað því að einstakar vinnslur geti nú afkastað margfalt á við það sem frystihúsin gerðu þegar hann var sjálfur verkstjóri á gólfinu. Það sama eigi við um afköst fiskiskipanna.

„Bara sem dæmi voru afköstin í frystingu á Ameríkumarkað 12 kíló á manntíma þá en eru komin yfir 100 kíló á manntíma í dag. Sem þýðir að fyrir hverja 10 starfsmenn sem þú þurftir í þessa vinnslu á þeim tíma þarf einn starfsmann í dag. Þetta sýnir að tækniframfarir hafa haft alveg jafn mikil áhrif á þróunina eins og kvótakerfið sjálft. Við munum sjá þessa þróun halda áfram í stað þess að ganga til baka. Og sem betur fer," segir Ögmundur og bendir á að það sé svo önnur hlið og pólitísk að takast á um gjaldtöku af greininni og þann hluta kerfisins. „Í raun má segja að það sé lúxusvandi að tekist sé á um hvaða auka skatta við eigum að taka af sjávarútvegi í stað þess að fást við það hversu mikið eigi að greiða með greininni, líkt og margar þjóðir þurfa að gera."

Snýst allt um gagnsæi og traust

Aðal verkefni Fiskistofu eru veiðieftirlit, leyfisveitingar, vinnsla upplýsinga í sjávarútvegi og miðlun þeirra. Ögmundur segist leggja áherslu á að áfram verði haldið á sömu braut með allri bestu tækni í eftirliti, tölfræðivinnslu og gagnamiðlun.

„Gagnsæi og traust eru lykilatriði fyrir greinina og okkar starf skiptir miklu í að efla það. Því meira gagnsæi, því heilbrigðara verður kerfið að mínu mati. Eftir því sem aðgangur að upplýsingum er auðveldari þeim mun líklegra er að þeir sem brjóta af sér komi fram í dagsljósið. Það er mikið aðhald fólgið í því að allir geti fylgst með öllum í greininni. Við höfum alla tækni til að hafa meira eftirlit með veiðum með sjálfvirkum hætti, t.d. með myndavélum um borð í skipum og fleiru en allt þarf að sjálfsögðu að uppfylla persónuverndarlög og annað slíkt. Þetta þarf að þróa með greininni þannig að allir njóti ávinningsins því almennt vilja allir að hlutirnir séu í góðu lagi og að þeir sem stunda fiskveiðar geti sýnt fram á að þeir umgangist auðlindina vel. Stóra atriðið í þessu er brottkast á fiski, sem vísbendingar eru því miður um að hafi aukist lítillega aftur, og mér finnst mikilvægt að allt verði gert til að menn geti komið með allan fisk í land og hvatinn til brottkasts verði ekki til staðar," segir Ögmundur og bendir á að mikil framþróun sé í tegundaskráningu og t.d. sjálfvirkri vigtun á aðgerðaborðum stærri fiskiskipa sem geti verið liður í framþróuninni.

„Ég sé fyrir mér að mun lengra verði gengið í sjálfvirku eftirliti, tölfræðilegri greiningu, gervigreind og skráningum til að auðvelda okkur að sjá hvar eitthvað þarf að skoða sérstaklega. Við þurfum að geta einbeitt okkur að þeim stöðum þar sem hlutirnir eru ekki í lagi og þannig fækkað brotum. Það hjálpar sjávarútvegsgreininni og eykur traust á henni. Í öllum atvinnugreinum eru svartir sauðir og þá þarf að vakta."

Mun betur gengið um auðlindina en áður fyrr

Ögmundur segist hafa hug á að efla samstarf við greinina um áhersluefnin í starfsemi Fiskistofu enda felist miklir hagsmunir í því fyrir greinina að umgegni um auðlindina sé sem best og að hún fari að lögum og reglum.

„Vitanlega takast menn á og hafa mismunandi skoðanir á framkvæmdinni. En við erum alltaf að þróast til betri vegar og ef við horfum 40 ár aftur í tímann þá er það staðreynd að umgengni um auðlindina hefur gjörbreyst til batnaðar. Hráefnismeðferð hefur stórbatnað og við sjáum hvernig menn vinna saman innan greinarinnar og sem dæmi má nefna áhersluna í röðum smábátasjómanna á að afli sé vel og rétt ísaður á strandveiðum. Almennt má fullyrða að kvótakerfið sé í sjálfu sér umhverfismál og hafi skilað miklu á því sviði. Það er staðreynd. Fiskimiðin eru takmörkuð auðlind sem við verðum alltaf að umgangast af virðingu."

Þjónusta alla leið á sjó og landi

Til hamingju með daginn!

Í tilefni af sjómannadeginum þökkum við sjómönnum og útgerðarfyrirtækjum fyrir ánægjuleg samskipti í gegnum tíðina. N1 er alltaf til staðar með þjónustu við sjávarútveginn, á sjó og landi.

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-NM-000989

■ Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Sjómenn eiga hrós skilið

segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands um vinnuaðstæður sjómanna í kórónuveirufaraldrinum

„Um miðjan apríl var óvissan slík að enginn vissi hvort yfir höfuð væri hægt að sækja sjó og selja það sem veiddist. Eftir því sem svo leið á maímánuð fóru hlutirnir svolítið að skýrast á nýjan leik og útflutningur á fiski að aukast í takti við tilslakanir í helstu viðskiptalöndum okkar. En það er alveg ljóst að óvissan verður áfram mikil næstu mánuðina og mun hafa áhrif á afurðasölu og fiskverð, sem aftur snertir kjör sjómanna,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands. Hann segir kórónuveirufaraldurinn hafa haft mikil áhrif á starfsumhverfi sjómanna að undanförnu. Vafalítið megi þegar frá líður draga lærdóm af þessu tímabili en Valmundur segir sjómenn hafa staðið sig vel við þessar krefjandi aðstæður.

Gengisþróun og olíuverð hjálpa

„Það eru dæmi um útgerðir sem hægðu strax á sókninni þegar áhrifa faraldursins fór að gæta í vor og við sjáum að margar útgerðir munu fara hægar næstu mánuði vegna stöðunnar á afurðamörkuðum. Allt hefur þetta áhrif á kjör sjómanna. Þó er okkur hjálplegt í þessari stöðu að gengi krónunnar hefur gefið eftir og að auki er olíuverð mjög lágt. Miðað við skiptaverð um mánaðamótin apríl-maí lækkuðu laun sjómanna um 7% en hefðu lækkað um hátt í 20% ef áhrifa gengis og olíuverðs hefði ekki gætt. Þeir liðir hafa því unnið með okkur,“ segir Valmundur.

Kjaraviðræður á ís

Þegar heimsfaraldurinn fór að skella á af fullum þunga hér á landi voru eiginlegar kjaraviðræður sjómanna og viðsemjenda að hefjast. Tekin var ákvörðun um að fresta kjarasamingsgerðinni þar til eitthvað rofaði til og er ekki gert ráð fyrir að þráðurinn verði tekinn upp fyrr en í fyrsta lagi á haustmánuðum. Valmundur segir viðræðurnar hafa verið mjög stutt á veg komnar.

„Viðsemjendur voru búnir að skiptast á kröfum og búið að vinna mjög mikið í bókunum samningsins og sú vinna nýtist okkur áfram og er mikilvæg undirstaða kjarasamningsins sjálfs. Sem dæmi vorum við að vinna með skilgreiningu á stærðum skipa því nú er hætt að mæla skip í brúttórúmlestum eins og áður var gert. Þetta eru dæmi um atriði sem þarf að útfæra og eru undirstöðuatriði sem þurfa að vera til staðar þegar kemur að heildarsamningnum sjálfum. Stóru línurnar og launamálin sjálf voru hins vegar ekki komin á borðið þegar ákvörðunin var tekin um að fresta viðræðunum vegna heimsfaraldursins,“ segir Valmundur.

■ Kjaraviðræðum sjómanna og útgerðarfyrirtækja var frestað vegna kórónuveirufaraldursins.

■ „Það er alveg ljóst að óvissan verður áfram mikil næstu mánuðina og mun hafa áhrif á afurðasölu og fiskverð, sem aftur snertir kjör sjómanna,“ segir Valmundur.

Krefjast breytinga á verðmyndun uppsjávarfisks

Aðspurður um áherslur sjómanna í kröfugerð segir Valmundur að þær séu fjölþættar. „Eitt af stóru atriðunum snýr að verðmyndunarmálum á uppsjávarfiski sem að okkar mati eru í alltof lausu lofti í dag og sjómenn eru almennt óánægðir með fyrirkomulagið. Þessum málum verðum við að koma í betra horf. Síðan eru þessar hefðbundnu kröfur, hugmyndir um að breyta viðmiðunum í skiptum þannig að hætt verði með þessa kostnaðarhlutdeild sem alltaf hefur verið til ama. Við erum að deila hlut með útgerðinni, tökum vissulega þátt í að greiða útgerðarkostnað og það eru allir sammála um að vera með hlutaskiptakerfið áfram. En við viljum gera lagfæringar á þessu fyrirkomulagi hvað kostnaðarviðmiðanirnar varðar. Síðan má nefna 3,5% mótframlag í lífeyrissjóð, skammtímaráðningar þar sem útgerðin er að koma sér undan greiðslu veikindalauna, hækkun á hlut vinnslustjóra, matsmanna og Baadermanna á vinnsluskipum og fleira. Loks er svo fiskverðsmyndunin allt önnur umræða og eilíft úrlausnarefni í samningum,“ segir Valmundur.

Tókst að halda flotanum á sjó

Sjómenn hafa þurft að grípa til sóttvarnaraðgerða í skipum sínum síðustu vikur og dæmi eru um að menn hafi ekki farið frá borði í landlegum til að forðast smit. Í vinnsluskipum hefur áhöfnum verið skipt upp fyrstu tvær vikur veiðiferðar og þannig hafi ekki allir hist um borð fyrr en að þeim tíma loknum. Valmundur segir óhjákvæmileg annað en að reynsla þessa tíma muni hafa áhrif í framtíðinni og koma inn á borð í komandi kjaraviðræðum.

„Þegar við verðum komin í gegnum þetta þá hljótum við að líta til baka og spyrja okkur hvaða lærdóm við getum dregið af þessum tíma. Landið nánast lokaðist, fraktflutningar urðu mjög erfiðir og hafa hækkað í verði, áhafnir fraktskipa hafa þurft að sæta sóttkví en svo er staðreyndin líka sú að það hefur gengið ótrúlega vel að halda skipum að veiðum þrátt fyrir flóknar kröfur. Það má þakka góðri samvinnu sjómanna, sjómannafélaganna og útgerðanna sem tóku ákvörðun strax í byrjun um að vinna samkvæmt þeim fyrirmælum sem sóttvarnaryfirvöld létu frá sér fara. Með þessu tókst að halda flotanum að veiðum og fyrir það eiga sjómenn og útgerðir hrós skilið,“ segir Valmundur.

TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN SJÓMENN

Við þökkum samstarf liðinna ára og sendum sjómönnum og landsmönnum öllum heillaóskir í tilefni dagsins.

marel.is

marel

Verðum að **auka rannsóknir** á loðnunni

segir Jón Atli Gunnarsson, skipstjóri á uppsjávarskipinu Kap VE

„Það vantar mikið inn í okkar mynstur þegar loðnuveiðarnar falla alveg út eins og núna hefur gerst tvö ár í röð. Þær eru mikilvægur hluti í útgerð skipsins á fyrri hluta ársins og skipta því bæði útgerðina miklu máli, sem og sjómennina. Sem betur fer hefur áhöfnin getað fengið önnur verkefni hjá útgerðinni, komist í afleysingar annars staðar eða getað sinnt viðhaldsverkefnum í kringum skipið en maður saknar þess sannarlega að komast á loðnu. Þetta eru skemmtilegar vertíðir, alltaf talsvert kapp og sjálfum þykja mér loðnuveiðar með nót eitt það skemmtilegasta í uppsjávarveiðunum," segir Jón Atli Gunnarsson, skipstjóri á uppsjávarskipinu Kap VE 4 í Vestmannaeyjum. Verkefni skipsins hafa verið fá frá áramótum en eftir viðhaldsverkefni á skrúfu nú undir vorið hélt Kap VE til veiða á kolmunna fyrir austan Færeyjar í lok maí.

■ Jón Atli Gunnarsson, skipstjóri í brúnni á Kap VE 4. Hann segir mikið vanta í mynstur uppsjávarsjómanna og -útgerða þegar loðnubrestur verður. „Þetta eru skemmtilegar vertíðir, alltaf talsvert kapp og sjálfum þykja mér loðnuveiðar með nót eitt það skemmtilegasta í uppsjávarveiðunum," segir hann.

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson

■ Í þá gömlu góðu daga á loðnuveiðunum. Jón Atli var skipstjóri á Ísleifi VE um árabil og hér er hann í brúnni og byrjað að dæla úr góðu kasti með nót.

■ Kap VE 4 er í eigu Vinnslustöðvarinnar. Skipið var byggt í Póllandi árið 1987 sem Jón Finnsson RE en var lengstum í eigu HB Granda og bar þá nafnið Faxi RE.

Sjómennskan togaði

Segja má að Jón Atli sé fæddur og uppalinn í kringum uppsjávarveiðarnar en faðir hans var Gunnar Jónsson sem lengstum var skipstjóri á Ísleifi VE. Líkt og margir aðrir sjómenn fór Jón Atli fyrst á sjó á unglingsárunum en síðan lá leiðin til höfuðborgarinnar til náms, fyrst í rekstrarfræði við Tækniskólann og svo í Stýrimannaskólann þaðan sem hann útskrifaðist árið 1995. Fljótlega fór hann aftur á sjóinn á Ísleifi VE og var þar næstu árin, meðal annars stóru loðnuárin þrjú 1996-1998. „Það var mjög skemmtilegur tími, mikill afli og við lönduðum hjá bræðslum SR mjöls víða um land. Ísleifur VE var talsvert burðarminna skip en Kap er í dag og hafði ekki mikið fríborð. En menn fóru bara varlega á þessum skipum," segir Jón Atli.

Kap er gott og öflugt skip

Segja má að Jón Atli hafi allan sinn sjómannsferil verið á uppsjávarskipum, fyrst á Ísleifi VE og síðan Kap VE. Það síðarnefnda keypti Vinnslustöðin til Vestmannaeyja af HB Granda hf. árið 2015 en skipið hét áður Faxi RE. Þó komið sé til ára sinna segir Jón Atli að skipið sé gott og búið tæplega 6000 hestafla vél. Togaflið er því talsvert meira en Jón Atli hafði áður á Ísleifi VE en eftir að hafa verið stýrimaður þar varð hann skipstjóri árið 2009. Á þessum uppsjávarskipum hefur Jón Atli verið á loðnu, makríl, síld og kolmunna en Kap VE fór einmitt í fyrsta kolmunnatúrinn nú fyrir sjómannadaginn og stefnan er svo á makríl sem Jón Atli segist vonast til að gefi sig hér við land um miðjan júní.

„Takturinn í þessu hefur jafnan verið svipaður síðustu ár. Fyrsta verkefni ársins eru loðnuveiðar fram í miðjan mars, síðan tekur kolmunninn við í apríl og hann þurfum við að sækja við Færeyjar. Síðan koma makrílveiðarnar hér á heimamiðum fram í september, þá taka við veiðar á norsk-íslenskri síld og síðan heimasíld og stundum opnast tækifæri undir árslok í kolmunnanum. Svona viljum við hafa þetta í eðlilegu árferði en loðnuleysið núna gerir að verkum að takturinn í þessu hjá okkur er allt öðruvísi en áður," segir Jón Atli.

Margir að slást um loðnustofninn

Vitanlega er mikil umræða meðal sjómanna á uppsjávarskipunum um sveiflurnar í loðnunni og ástæður loðnuleysisins. Og sýnist sitt hverjum. Jón Atli kannast við að margir telji tilkomu flottrollsveiðanna á loðnu hafa haft áhrif á hennar hefðbundna göngumynstur en hann segist ekki trúaður á þá kenningu.

„Ég held að við verðum að horfa á miklu stærri mynd í þessu. Breytingar á sjávarhitanum hafa áhrif, stór þorskstofn, fjölgun hvala og margt annað hefur að mínu mati áhrif. Það þurfa allir sitt úr þessum loðnustofni áður en komið er að okkur að veiða úr honum. Ég er þess vegna ekki sannfærður um að veiðarnar sem slíkar hafi úrslitaáhrif," segir Jón Atli og þegar talið berst að þeim fregnum að vart verði við aukna hrygningu loðnunnar í fjörðum á Norðurlandi segir hann að þessa hafi orðið vart áður.

„Mér finnst líklegt að einhver hluti loðnunnar hafi alltaf hrygnt fyrir norðan en venjulega höfum við fyrst og fremst fylgt einhverjum ákveðnum göngum sem fara hringinn í kringum landið og enda inni í Faxaflóa og Breiðafirði. Og stundum höfum við fengið í kjölfarið góðar göngur sem koma beint úr hafinu milli Íslands og Grænlands, vestangöngur sem stundum erum kallaðar. En það sem fyrst og fremst þarf að mínu mati að gera er að við verðum að stórauka rannsóknir á loðnustofninum," segir Jón Atli.

Spurning um nákvæmni mælinganna

Jón Atli fór á Kap VE í mars í leiðangur norður fyrir land og með í för voru vísindamenn frá Hafrannsóknastofnun. Meðal annars sýndu tæki skipsins lóðningar á Húnaflóa sem Jón Atli segir að áhugavert hefði verið að kasta á, fyrst og fremst til að bera saman raunverulegt aflamagn og þá útreikninga á þéttni sem vísindamenn styðjist við þegar loðnustofninn er mældur.

„Ég held að það hafi verið mjög áhugavert fyrir vísindamennina að sjá þarna hvernig loðnuvertíðin jafnan endar. Við sjáum gjarnan í lok vertíðar litlar torfur sem gefa mikinn afla. Eitt af því sem ég held að sé mikilvægt er einmitt að bera saman niðurstöðuna úr þéttnimælingum á svona torfum við raunverulegt aflamagn. Það gæti gefið vísindamönnum vísbendingar um hversu nákvæmar þéttnimælingarnar eru. Síðan er talsvert rætt um aflaregluna sem notuð er við mat á stofninum og við útreikninga á kvóta. Hún gerir ráð fyrir að haldið sé eftir 150 þúsund tonna hrygningarstofni með 95% öryggi, sem þýðir að það getur tekið allan janúar og hluta af febrúar að mæla alla gönguna áður en kvóti er gefinn út með þessu öryggisviðmiði."

Vonast eftir góðri makrílvertíð

Treglegar hefur gengið á kolmunnaveiðunum í vor en stundum áður en Jón Atli vonast til að makrílveiði gangi vel. Skipstjórinn er bjartsýnn og fyrst og fremst ánægður að komast með skip og áhöfn á veiðar.

„Við höfum veitt makrílinn hér fyrir sunnan og austan land og stundum fylgt honum vestur fyrir en oft endað í síldarsmugunni. Það er litlu hægt að spá um hvernig þær veiðar ganga fyrir sig en tilkoma makrílveiðanna á sínum tíma var mjög mikilvæg fyrir skipin, útgerðirnar og vinnslurnar. Óvissan og spennan gerir þetta bara skemmtilegra," segir Jón Atli.

Fullbúin sjávarútvegslausn í áskrift Microsoft Dynamics 365 Business Central

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg
með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

WiseFish er sérsniðin hugbúnaðarlausn sem er hönnuð til að sinna þörfum sjávarútvegsfyrirtækja. WiseFish býr yfir fjölbreyttum eiginleikum og tekur tillit til allra hluta virðiskeðju sjávarfangsins, allt frá veiðum og framleiðslu til sölu og dreifingar.

Sérfræðingar WiseFish eru ávallt tilbúnir að miðla af víðtækri þekkingu og reynslu af þjónustu og hugbúnaðarþróun fyrir sjávarútveginn.

„Lykillinn að góðum árangri er hugbúnaður sem gefur okkur lykilupplýsingar í rauntíma. Við notum **WiseFish og WiseAnalyzer,** sem tryggir að staða, árangur og framlegð er alltaf ljós í lok dags.“

G.RUN

Guðmundur Smári Guðmundsson,
G.RUN Grundarfirði

WiseFish nær til allrar virðiskeðju sjávarútvegsins
frá veiðum til sölu og dreifingar.

Wise lausnir ehf. » wise@wise.is » wisefsh.com

wise

Sjöundi ættliðurinn í smíði trébáta

Rætt við Hafliða Aðalsteinsson, bátasmið með meiru

■ Hafliði Aðalsteinsson við bátinn Ólaf Skagfjörð, sem hann og félagar úr Félagi áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar hafa endurbyggt fyrir útgerð á Rifi.

Í vetur hafa Hafliði Aðalsteinsson og tveir aðrir úr Félagi áhugamanna um Bátasafn Breiðarfjarðar verið að endursmíða bát fyrir sjóminjasafnið á Hellissandi og Rifi. Það er bátur sem heitir Ólafur Skagfjörð sem síðast var róið sem árabát frá Hjallasandi undir Jökli. Hann var smíðaður í Bjarneyjum árið 1885. Svo var ákveðið gera hann í stand og kostar útgerðarfélag á Rifi verkefnið en hugmyndin er að setja bátinn á flot og róa honum á sjómannadaginn. Hann verður tilbúinn fyrir þann tíma að öllu leyti með öllum seglbúnaði.

„Þetta er áttæringur og því dálítið stór bátur en menn notuðu mikið sexæringa í útróðrum þarna því þeir gátu ekki verið með stóra báta í þessu. Það var ýmist talað um lítinn eða stóran sexæring og áttæring en þessi bátur er alveg um átta metrar að lengd. Honum var svo breytt í vélbát á sínum tíma en nú erum við að gera hann aftur að segl- og árabát og búnir að smíða allt í hann. Þetta er skemmtilegt verkefni en við reynum að gera hann eins og hann var upphaflega og styðjumst meðal annars við Sjávarhætti Lúðvíks Kristjánssonar. Þar getur maður leitað fanga því þegar ég var að læra bátasmíðina voru bara vélbátar og þeir eru töluvert frábrugðnir árabátunum. Árabátarnir eru til dæmis með höggnum böndum og alls konar frágangur þar sem er öðruvísi en í vélbátunum," segir Hafliði sem er bátasmiður.

■ Frá Hvallátrum 1909. Egill með öll segl uppi.

Ekki meðfædd kunnátta

Áhugi á smíði báta að gamalli fyrirmynd og að gera upp gamla báta er töluverður en viðfangsefnið getur verið snúið.

„Við í Bátasafninu höfum verið að halda nokkuð regluleg námskeið í bátasmíði, annars vegar fyrir Iðu Fræðslusetur og hins vegar Síldarminjasafnið á Siglufirði. Þessi námskeið hafa verið ágætlega sótt. Námskeiðin sem við erum með hjá Iðu eru stutt, bara tveir eða þrír dagar en lengri námskeið á Siglufirði. Þau skila alltaf meiru því þetta er seinleg vinna. Maður getur ekki sýnt mjög mikið á tveimur dögum en snöggtum meira á fimm dögum. Við vitum að þessi námskeið hafa dugað sumum til að koma sér af stað. Við höfum líka verið með námskeið á Reykhólum sem var tvær vikur. Það var orðið óþarflega langt. Það er betra að vera með þau styttri og hafa svo möguleika á því að menn geti komið aftur. Þetta hefur þróast svona hjá okkur og gengið ágætlega. Við erum búnir að gera þetta í nokkur ár og það eru komnir um hundrað manns á þessi námskeið. Það er töluverður áhugi á að halda í þessa gömlu smíði. Það vefst eðlilega svolítið fyrir mönnum að gera þetta. Kunnáttan er ekki meðfædd neinum, hana þarf að læra. Ég lærði þetta hjá pabba og hann af afa og ég er sjöundi ættliðurinn með þessa kunnáttu."

Kom með vor- eða haustskipi

Langafi Hafliða, Ólafur Bergsveinsson, smíðaði báta á Hvallátrum úr rekavið sem hann útvegaði sér til að nota í máttarviðina.

„Menn fluttu hins vegar byrðinginn inn frá útlöndum og fengu hann þá í réttri þykkt og var þá ókantskorið og kölluðu menn það valborð. Langafi minn notaði líka heimasmíðaða nagla sem gerðir voru í eldsmiðju bæjarins. Þegar pabbi fór svo að smíða 1941 eða 1942, var megnið af efninu innflutt en hann notaði þó alltaf eitthvað af rekavið í beygjur ofan í böndin þar sem var þrengst. Árið 1946 fékk hann svo vélar og gat þá þykktarheflað og notað bandsög sem var algjör bylting. Þangað til var viðurinn fluttur inn í réttum þykktum og það þurfti að panta með árs fyrirvara. Hann kom annað hvort með vor- eða haustskipi. Núna er hægt að panta allt efni að utan en það er enginn sem liggur með eik eða smíðafuru sem passar í báta. Það verður að panta allt með góðum fyrirvara."

60 gamlar bátavélar

Við snúum okkur þá að Bátasafni Breiðafjarðar á Reykhólum. Þar er töluverður fjöldi báta og véla úr bátum. „Við erum alltaf að sinna þessu eitthvað og höfum bátasafnið opið á sumrin. Við höfum bætt við okkur gömlum bátavélum á síðustu árum. Þær eru um 60 og eru uppstilltar á neðri hæðinni í safninu. Þetta eru vélar úr litlum bátum, 3 til 25 hestafla vélar. Flestar gamlar, frá 1930 til 1960, bæði bensín- og dísilvélar. Fáar gangfærar en líta vel út margar hverjar. Aðrar þurfa hressingu eins og gengur."

Hafliði segir að mikið sé til af gömlum bátum og vélum en vandinn sé sá að alltaf vanti pláss. Bátarnir þurfi mikið pláss. Þeir hafi gamla hlöðu til að geyma þá báta sem ekki er pláss fyrir í safninu og þar fari vel um þá. Þeir geti þó ekki tekið við öllum bátum

Við óskum íslenskum sjómönnum til hamingju með daginn

Jafnframt óskum við áhöfnum og útgerðum þessara skipa til hamingju með D-SAN sótthreinsikerfin

Bergey VE.

Berlin NC.

Björg EA.

Björgúlfur EA.

Blœngur NK.

Cuxhaven NC.

Harðbakur EA.

Kaldbakur EA.

Vestmannaey VE.

D-SAN bætir vinnuumhverfi sjómanna umtalsvert og stuðlar að auknum gæðum og auðveldar öll þrif.

D-TECH
hygiene solutions

Húsi sjávarklasans | Grandagarði 16, 101 Reykjavík | Sími 550 8300 | Gsm 692 5040 | E-mail: ragnar@d-tech.is | www.d-tech.is

■ Á Reykhólum er að finna safn bátavéla og er Hafliði hér að vinna að uppsetningu þess.

■ Ólafur Skagfjörð var smíðaður 1885. Hér hefur hann fengið nýjan kjöl og stefni og byrðing hafin.

sem þeim bjóðast. Sumir bátar séu í það slæmu ástandi að þeir verði ekki gerðir upp nema hreinlega með endurbyggingu eða smíði eftir þeim. Yfirleitt sé hægt að gera eftir þeim skapalón og síðan smíða eftir því.

Borinn og barnfæddur Breiðfirðingur

Hafliði er borinn og barnfæddur Breiðfirðingur, fæddur og uppalinn á Hvallátrum sem er eyja á Breiðafirði. Hann þekkir því vel til bátasmíðinnar og notkunar bátanna, enda ólst hann upp við það. „Við erum fimm bræður og notum þessa gömlu báta svolítið og förum stöku sinnum á þeim út í eyjarnar að gamni okkar. Við erum með nokkra sjófæra báta sem bæði tilheyra safninu og eru í einkaeigu og með vél. Svo eru til tveir sjófærir árabátar á safninu og við höfum sett þá á flot stöku sinnum. Þá er ýmist siglt eða róið. Menn ólust ekki upp við seglin nema mjög lítið en ég prófaði aðeins með afa að sigla litlum bát en ekki nóg til þess að maður lærði þetta almennilega. Sú kunnátta hefur glatast að mestu."

Báturinn þarfasti þjónninn

„Þetta eru mikið breiðfirskir bátar sem voru smíðaðir einhvers staðar við fjörðinn. Það voru bátasmiðir hér og hvar við fjörðinn en báturinn var þarfasti þjónninn við Breiðafjörð á fyrri árum. Hann var notaður til ferðalaga, flutninga og veiða. Mest var um fjögurra manna för, sem voru til á flestöllum jörðum sem áttu land að sjó. Bæði höfðu jarðirnar hlunnindi og veiðiskap og voru bátarnir notaðir í verslunarferðir, en Flatey var lengi aðal verslunarstaðurinn á Breiðafirði. Menn notuðu því bátana til að fara í verslunarferðir með afurðir og sækja nauðsynjar.

Þetta voru yfirleitt litlir bátar þessi fjögurra manna för, léttir og menn gátu dregið þá upp og niður sjálfir, en réðu ekki við stærri báta á venjulegum bæjum. Það er mikill munur á flóði og fjöru við Breiðafjörð og það þurfti alltaf að teyma bátana í fjörunni, upp eða niður," segir Hafliði.

Rekstur safnsins er erfiður en það nýtur einhverra styrkja og aðgangseyris yfir sumarið. Það er einnig mikil sjálfboðavinna í kringum safnið og í tengslum við það er upplýsingamiðstöð fyrir sveitarfélagið. Afgreiðslufólk hjá safninu sinnir því starfi líka.

■ Félagar í bátafélaginu hafa haldið mörg námskeið um smíði og endursmíði gamalla báta og hafa þau verið vel sótt.

Hjónin heiðruð fyrir miðlun handverks

Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur verðlaunar á ári hverju þá sem skara fram úr á sveinsprófi í hinum ýmsu iðngreinum. Samhliða því eru veitt heiðursverðlaun til iðnaðarmanna sem eru lengra komnir í faginu. Við þetta tilefni í vor voru hjónin Hafliði Aðalsteinsson og Jófríður Benediktsdóttir heiðruð og var það í fyrsta sinn sem hjón eru heiðruð með þessum hætti.

„Viðurkenninguna fengum við fyrir fyrir að koma á framfæri gömlu handverki, ég í bátasmíðinni og hún fyrir þjóðbúningasaum. Hún kennir hann og við höfum bæði verið með námskeið í greinum okkar. Þetta var skemmtilegt og vel að þessu staðið og forsetinn alltaf glaðlegur þegar maður sér til hans," segir Hafliði.

Sjómenn

Sendum ykkur og ykkar fjölskyldum, hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins.

Þeir kröfuhörðu velja

OPTIMICE®

ísþykknibúnað og forkæla

KAPP ehf

THE OPTIMICE COMPANY

Miðhraun 2 · 210 Garðabær · Sími 587 1300 · kapp@kapp.is · www.kapp.is

Sjóminjavarslan hefur setið of lengi á hakanum

Rætt við Anitu Elefsen, safnstjóra Síldarminjasafns Íslands og ritara SÍS

„Söfnin í landinu eiga með sér margvíslegt samstarf og til að treysta böndin stofnuðu þau með sér Samband íslenskra sjóminjasafna, SÍS, haustið 2006. Megin verkefni sambandsins nú er annars vegar að koma á svokölluðu varðveislumati fyrir skip og báta og hins vegar er unnið að heildstæðri skráningu allra skipa og báta í landinu fram til ársins 1950. Það er ærið verkefni og skemmtilegt.“

Þetta segir Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði og ritari Sambands íslenskra sjóminjasafna í samtali við Sóknarfæri. Hún segir sambandið, sem auðvitað ber skammstöfunina SÍS, fyrst og fremst vera samstarfsvettvang fyrir þau söfn í landinu sem varðveita og hlúa að sjóminjum. Söfnin varðveiti ekki bara skip og báta, heldur jafnframt veiðarfæri, fatnað, verkfæri og annað sem tengist málaflokknum. Þar að auki varðveita söfnin frásagnir, ritaðar heimildir, handverk og verkþekkingu er snýr að sjómennsku og skipasmíði.

„Að stofnun sambandsins stóðu á sínum tíma Byggðasafnið Görðum á Akranesi, Byggðasafnið á Hnjóti, Byggðasafn Vestfjarða, Síldarminjasafn Íslands, Sjóminjasafnið á Húsavík, Sjóminjasafn Austurlands, Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Byggðasafn Garðskaga og Víkin-Sjóminjasafnið í Reykjavík. Tilgangur félagsins er að efla og skipuleggja varðveislu sjóminja á Íslandi, skapa umræðuvettvang um málefni sjóminja, koma á samstarfi um skráningu, efla rannsóknir og efna til samsýninga og sameiginlegrar kynningar á sjóminjum Íslands. Þá hefur félagið jafnframt barist fyrir stofnun bátafriðunarsjóðs.“

■ Síldarminjasafnið á Siglufirði hefur hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, m.a. Íslensku safnaverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004 sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu.

Varðveislumat og bátaskráning

„Varðveislumatið er í senn bæði leiðarvísir og verkfæri fyrir alla þá sem koma að varðveislu eldri báta, t.d. SÍS, sjóminjasöfnin í landinu og aðrar stofnanir sem vinna að minjavernd. Þá mun leiðarvísirinn koma að góðum notum fyrir hugsanlegan hóp sérfræðinga sem hefði varðveislumat á sinni könnu, bátaverndarnefnd eða viðlíka, ef hún verður einhvern tímann stofnuð. Tilgangur varðveislumatsins er fyrst og fremst að stuðla að bættri bátavernd og gera alla vinnu markvissari við ákvarðatöku um hvað æskilegt sé að varðveita fyrir framtíðina og hvað ekki sem og að tryggja að ákvörðun um að taka bát til varðveislu sé byggð á faglegum grunni og þekkingu á menningarsögulegu gildi hans, bæði staðbundið og á landsvísu.“

Skráning allra skipa og báta í eigu safna og setra á Íslandi sem og sjófæra báta, eldri en 1950, á skipaskrá Samgöngustofu er viðamikið verkefni sem SÍS lauk nýverið við. Skráin nær yfir 190 skip og báta og telur nær 1.000 blaðsíður. „Tilgangur bátaskráningarinnar er að safna upplýsingum um fornbáta landsins og gefa yfirlit yfir stöðu bátaverndar í landinu. Skráin mun vonandi stuðla að bættri bátavernd og auðvelda alla vinnu við ákvarðatöku um hvað æskilegt sé að varðveita og hvað ekki. Ennfremur er skránni ætlað er að gera bátaarfinn sýnilegan umfram það sem nú er í þeirri von að auka skilning stjórnvalda og almennings á gildi hans. Skráin mun jafnframt stórbæta aðgengi almennings að þessum hluta menningararfsins og auðvelda frekari rannsóknarvinnu. Bæði bátaskráin og varðveislumatið eru aðgengileg á vefnum batasmidi.is/files.“

Skortur á fé og mannafla

Við spyrjum Anitu hvort Íslendingar hafi í gegnum tíðina verið nægjanlega hirðusöm að varðveita minjar tengdum sjávarútvegi á síðustu árum, m.a. í kjölfar mikillar tæknivæðingar og hvort söfnin í landinu eigi t.d. síðutogara eða heillegt frystihús frá síðustu öld?

■ Anita Elefsen safnstjóri: „Söfnin í landinu hafa að mínu mati staðið sig vel í varðveislu sjóminja – sem og einstaklingar og félagasamtök víða um land. Það sem helst háir þeim sem sinna málaflokknum er skortur á fjármagni og mannafla.“

„Söfnin í landinu hafa að mínu mati staðið sig vel í varðveislu sjóminja – sem og einstaklingar og félagasamtök víða um land. Það sem helst háir þeim sem sinna málaflokknum er skortur á fjármagni og mannafla. Flest söfn í landinu hafa fáa starfsmenn og samkeppni um styrktarfé er mikil. Nauðsynlegt hefur reynst að forgangsraða verkefnum og víða skortir geymslu- og sýningarpláss. Ákvörðun um að taka skip, bát eða jafnvel frystihús til varðveislu fylgir mikil ábyrgð og mikilvægt er að viðkomandi safn sjái sér fært að tryggja að ástand viðkomandi grips versni ekki. Bátar eru stærri og plássfrekari en flestir aðrir safngripir og því oft bæði dýrt og krefjandi að varðveita þá og viðhalda. Af þeim sökum hafa eigendur ekki alltaf haft fjárhagslegt bolmagn til að varðveita þá við viðunandi aðstæður eða með viðunandi hætti. Jafnframt hefur skort skilning á sögulegu gildi þeirra og hvernig skuli tryggja varðveislu þeirra. Í því ljósi má merkilegt telja hve margt hefur verið vel gert þegar allt kemur til alls. Söfn landsins varðveita nærri 200 skip og báta – þó engan síðutogara. Síldarminjasafnið hér á Siglufirði á og varðveitir hins vegar lítið síldarfrystihús frá árinu 1930, en ég veit ekki til þess að stærri frystihús séu varðveitt í heild sinni.“

Framlögin stórlega rýrnað

Anita segir að árið 2000 hafi verið lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins nr. 92/1994. Breytingartillagan fólst í því að sjóðnum yrði gert skylt að „veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa.“ Sama ár var samþykkt þingsályktun um varðveislu báta og skipa þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um varðveislu skipa og báta, skilgreina varðveislugildi þeirra og móta reglur um fjármögnun.

„Skemmst er frá að segja að nú, tuttugu árum síðar, er málið enn óhreyft og tillögur ríkisstjórnarinnar hafa ekki litið dagsins ljós. Það er því sannarlega þörf á úrbótum af hálfu hins opinbera. Samkvæmt opinberum gögnum hafa styrkir til bátaverndar numið alls um 200 milljónum króna síðustu tvo áratugina – til samanburðar má nefna að úhlutanir húsafriðunarsjóðs nema um 300 milljónum króna á ári hverju. Á árunum 2000-2012 var að meðaltali veitt 14,4 mkr. til málaflokksins árlega, en á árunum 2013-2019 var sú upphæð að jafnaði 3,1 mkr. á ári. Framlög til bátaverndar hafa því rýrnað um 78% á undanförnum tuttugu árum.“

„Mín tilfinning er sú að áhugi almennings á sjóminjum sé nokkuð mikill. Ég hygg að fáum blandast hugur um hve mikilvægir bátar og skip hafi verið Íslendingum í gegnum aldirnar, bæði sem samgöngutæki og atvinnutæki til útgerðar og fiskveiða. Þrátt fyrir sögulegt mikilvægi sitt hafa skip og bátar hins vegar verið hornreka þegar kemur að opinberum styrkjum og á sama tíma verið minjavörslunni krefjandi viðfangsefni. Hvað hið opinbera varðar þá hefur sjóminjavarslan setið á hakanum of lengi. Söfn, setur, sýningar, áhugamannafélög og einstaklingar hafa sinnt varðveislu báta og skipa af miklum myndarbrag þrátt fyrir lítinn fjárstuðning hins opinbera. Hættan er sú, við óbreytt ástand, að umhverfið verði of letjandi og vegurinn virðist óvinnandi, með þeim afleiðingum að menn og konur missi þrek og bátarnir okkar hverfi einn af öðrum. Um leið glötum við þeirri verðmætu þekkingu sem báta- og skipasmiðir búa yfir – og viðhalda með viðgerðum og endursmíði.“

Síldin – örlagavaldurinn á 20. öld

Eins og áður sagði er Anita safnstjóri Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði en það er meðal stærstu safna á landinu. Síldarminjasafnið hefur hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, m.a. Íslensku safnaverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004 sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu. Þá hlaut safnið Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2017. Í þremur ólíkum safnhúsum fá gestir innsýn í hið stórbrotna og heillandi síldarævintýri og kynnast síldveiðum og vinnslu á silfri hafsins – síldinni sem var einn helsti örlagavaldur Íslands á tuttugustu öld. Síldariðnaðurinn var svo mikilvægur, að talað var um ævintýri, þegar þjóðin hvarf frá aldalangri fátækt og byggði upp nútíma samfélag.

„Síðastliðinn aldarfjórðung hefur

■ Sjóminjasöfnin í landinu varðveita ekki bara skip og báta, heldur jafnframt veiðarfæri, fatnað og alls kyns verkfæri.

■ Síldarsöltun við Síldarminjasafnið. Síldarævintýrisins á Siglufirði er minnst á ári hverju á planinu við safnið.

uppbygging safnsins og sýninga þess verið forgangsverkefni – og árangurinn hefur ekki látið á sér kræla. Safnið hefur eflst mjög faglega en einnig dregið að sér ferðamenn og fróðleiksfúsa í auknum mæli frá ári til árs. Til viðbótar við gestamóttöku og miðlun sögunnar sinnir starfsfólk safnsins faglegu safnastarfi, rannsóknum og skráningu af metnaði, árið um kring. Safnkennsla er jafnframt mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins og hafa heimsóknir nemenda af öllum skólastigum, allt frá leikskóla í háskóla, aukist mikið undanfarin ár. Vinna við safnkostinn er ærin, en hann telur í það minnsta tíu þúsund gripi, auk þess sem 200.000 ljósmyndir eru varðveittar í ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins," segir Anita. Við spyrjum hana um þau nýju verkefni sem eru á döfinni hjá safninu.

Veturinn í síldarbænum

„Stóra verkefnið um þessar mundir er uppbygging Salthússins, nýs varðveisluhúss. Um er að ræða sögulegt hús, sem hefur verið endurbyggt með það að markmiði að koma safnkostinum til framtíðarvarðveislu við góðar aðstæður. Í húsinu verða þrjú ólík rými: varðveislurými á efri hæð fyrir málverk, textíl, húsgögn, húsbúnað og aðra smærri gripi og varðveislurými á neðri hæð fyrir veiðarfæri, tækja- og vélbúnað, verkfæri og aðra grófa gripi. Í Salthúsinu verður jafnframt aðstaða til skráningar, forvörslu, ljósmyndunar gripa og annarrar vinnu í tengslum við framtíðarvarðveislu safnkosts og rannsóknir. Þessu til viðbótar verður í húsinu ný grunnsýning Síldarminjasafnsins sett á laggirnar sem nefnist Veturinn í síldarbænum. Þar verður m.a. skólastarfi, togaraútgerð, verkalýðshreyfingu, annarri félagastarfsemi og skíðaiðkun gerð skil og verður flóra sýninga safnsins enn viðameiri í kjölfarið. Jafnframt verður í húsinu opið rými fyrir gesti þar sem verður að finna vandaða safnverslun, kaffiaðstöðu og fyrirlestrarsal. Sýningin Veturinn í síldarbænum verður staðsett á efri hæð Salthússins, í um 120 m² rými og öllum opin á opnunartíma safnsins. Stjórnendur safnsins leggja allan metnað í að fullfjármagna verkefnið og ljúka framkvæmdum við Salthúsið eins fljótt og kostur er og búa þar með enn betur að vönduðu safni, sem varðveitir, stundar rannsóknir, miðlar og fræðir."

Um 27.000 gestir á ári

Anita segir að metnaðarfull sýningastarfsemi hafi alla tíð blómstrað á Síldarminjasafninu þar sem mikilvægum þætti úr sögu þjóðarinnar allrar hafi verið teflt fram af reisn. Með því að byggja á menningararfinum hafi tekist að skapa nýja vídd í menningarlífi Siglfirðinga og hafa þannig áhrif á þróun og aðdráttarafl bæjarins. „Hugrekki hóps áhugamanna, sem á undanförnum áratugum hefur hægt og bítandi unnið að því að gera framtíðarsýn safnsins að veruleika, hefur skilað sér í auknum straumi ferðamanna til staðarins, fjölgun atvinnutækifæra í sveitarfélaginu og varðveislu sögulegra minja."

Engum blöðum er um það að fletta að Síldarminjasafnið á Siglufirði er eitt aðalaðdráttarafl ferðamanna til staðarins. Þegar safnið opnaði 1994 voru gestir um 4.000 talsins það árið og aðeins um tíu prósent erlendir ferðamenn. Á tuttugu og fimm árum hefur þróunin orðið sú að nú eru gestir að jafnaði um 27.000 árlega og erlendir ferðamenn um og yfir 60%. Sú breyting hefur jafnframt orðið að safnið tekur nú á móti gestum allan ársins hring, en ekki bara yfir sumartímann. „Nú, þegar Íslendingar ætla að ferðast um landið sitt í sumar vil ég nota tækifærið og hvetja alla til að kíkja við á einhverju sjóminjasafnanna sem víða er að finna. Þar sem mikinn fróðleik að finna um undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar um aldir," segir Anita að lokum.

sjominjar.is

Nýtt fiskiskip

Ilivileq einn fullkomnasti frystitogari á Norður-Atlantshafi

■ Skipið er hönnun frá Rolls-Royce í samstarfi við Brim hf. Samið var um smíðina fyrir réttum þremur árum.

Nýr frystitogari, skráður í Qaqortoq á Grænlandi hjá fyrirtæki sem er alfarið í eigu Brims hf., kom til Reykjavíkur í byrjun maí. Togarinn ber nafnið Ilivileq og er einn sá fullkomnasti á Norður-Atlantshafi. Hann var smíðaður hjá Astilleros Armon skipasmíðastöðinni í Gijon á Norður-Spáni en HB Grandi gerði samning við stöðina um smíðina í byrjun maí árið 2017. Samningurinn var þá metinn á um fimm milljarða króna.

Skipið er hönnun frá Rolls-Royce í Noregi í samstarfi við Brim hf. Frystitogarinn er 81,8 metrar að lengd, 17 metra breiður og um 5000 brúttótonn að stærð. Við hönnun skipsins var orkusparnaður hafður að leiðarljósi, sem og sjálfvirkni. Aðstaða sjómanna er til fyrirmyndar og búnaður í fremstu röð til flökunar og frystingar.

Fiskimjölsverksmiðja frá Héðni ehf. er í skipinu fyrir bein og afskurð sem fellur til við vinnsluna. Allur afli verður því fullnýttur en heildar afkastageta vinnslunnar getur verið allt að 150 tonn á sólarhring. Í frystilestum verður rými fyrir allt að 1000 tonn af afurðum, flokkuðum á bretti.

Skipið er búið nýrri kynslóð af vélum frá Bergen-Diesel og Rolls-Royce með 5400 kW afli. Um borð er öflugt rafvindukerfi þar sem rafmagn fyrir vindurnar og annan búnað er framleitt með ásrafali. Vindur og stjórnkerfi er frá Kongsberg í Noregi. Stjórnkerfi í vélarrúmi er einnig frá Kongsberg Marine. Tækjabúnaður í brú er frá Simrad en Simberg ehf. er umboðsaðili þessa tækjabúnaðar hér á landi.

Vinnsludekkið kemur frá Danmörku en flökunarvélar og hausarar frá Vélfagi ehf. í Ólafsfirði.

Kælismiðjan Frost sá um uppsetningu frystikerfis skipsins.

Ilvilieq mun stunda veiðar á þorski, grálúðu og makríl en skipstjórar verða þeir Páll Þórir Rúnarsson og Guðmundur Kr. Guðmundsson. Alls verða 28 í áhöfn sem bæði verður mönnuð Íslendingum og Grænlendingum.

■ Búnaður á vinnsluþilfari er frá Danmörku en flökunarvélar, hausarar og fiskimjölsverksmiðja eru íslensk framleiðsla.

■ Aðstaða fyrir áhöfn er eins og best verður á kosið.

■ Vinnuaðstaða skipstjóranna í brúnni.



■ Frystilestin mun taka um 1000 tonn af afurðum. Kælismiðjan Frost annaðist uppsetingu frystikerfisins í skipinu.

■ Ilivileq verður gerður út frá Qaqortoq á Grænlandi en útgerðin er alfarið í eigu Brims hf.

■ Afkastageta vinnslunnar um borð er á vel á annað hundrað tonn á sólarhring.

Óskum útgerð og áhöfn til hamingju með glæsilegt skip

Í Ilviileq er eftirfarandi búnaður frá Vélfagi ehf.

1 stk **M700** flökunarvél með áfastri **M800** roðvél
1 stk tölvustýrð **M725** stórfiska flökunarvél með áfastri **M825** roðvél
2 stk **M505** tölvustýrðir hausarar

Þökkum viðskiptin!

VÉLFAG
FISKVINNSLUVÉLAR

Vélfag ehf. // Múlavegur 18 / 625 Ólafsfjörður //// Baldursnes 2 / 603 Akureyri //// +354 845 2635 // sales@velfag.com

Tvær vélalínur frá Vélfagi í Ilivileq

■ Nýja grænlenska vinnsluskipið Ilivieq er í eigu dótturfélags Brims hf. Vinnslan um borð byggir á hausurum, flökunarvélum og roðvélum frá Vélfagi.

■ Tölvustýringar Take Control sem Vélfag hefur hannað og notar í sínum vélum er gæða- og stjórnkerfi sem gerir notendum með auðveldum hætti kleift að kalla allar upplýsingar fram á skjá , breyta stillingum og tryggja þannig bestu nýtingu í vinnslunni á hverjum tíma.

Um borð í grænlenska togaranum Ilivileq eru sex vélar frá fiskvélaframleiðandanum Vélfagi ehf. í Ólafsfirði. Fyrirtækið hefur um árabil þróað og framleitt fiskvinnsluvélar fyrir bæði landvinnslufyrirtæki og vinnsluskip hérlendis og erlendis.

Vélapakkinn um borð í Ilivilieq er með þeim stærri sem fyrirtækið hefur sett í vinnsluskip en um er að ræða tvær vinnslulínur, þ.e. tvo tölvustýrða hausara og tvær flökunarvélasamstæður. Flökunarvélarnar eru báðar með áföstum roðvélum, annars vegar M700 flökunarvél með áfastri M800 roðvél og hins vegar tölvustýrð M725 flökunarvél fyrir stórfisk með áfastri M825 roðvél. Hausararnir eru af gerðinni M505 og eru tölvustýrðir.

Hausarar með möguleika á sporðskurði

Nýjungin í búnaðinum frá Vélfagi er að hausararnir tveir eru þannig búnir að möguleiki er á uppfærslu á sjálfvirkum sporðskurði en þá tækni hefur fyrirtækið verið með í þróun. Þá eru vélarnar þannig upp settar um borð að tæknimenn Vélfags geta tengst þeim beint með VPN tengingu yfir netið. Í því felst mikið öryggi fyrir vinnsluna um borð og tryggir skjóta þjónustu þegar á þarf að halda.

Starfsmenn Vélfags unnu að uppsetningu og lokafrágangi fiskvinnsluvélanna eftir að skipið kom til Íslands. Líkt fram kemur á öðrum stað í blaðinu kemur skipið til með að stunda veiðar við Suður-Grænland.

velfag.com

■ Flökunarvélin M725 með áfastri M825 roðvél. Þessi samstæða er fullkomlega tölvustýrð og sérstaklega hönnuð fyrir vinnslu á stórum fiski.

■ Tölvustýrð M700 flökunarvélin. Vél þessarar gerðar með áfastri roðvél er um borð í Ilivileq.

HIN HLIÐIN

Ekkert ár eins

Maður vikunnar að þessu sinni var er frá Neskaupstað og heitir Bjarni Ólafur Hjálmarsson. Hann hefur starfaði í sjávarútvegi í yfir 30 ár.

Nafn:
Bjarni Ólafur Hjálmarsson.

Hvaðan ertu:
Ég er frá Neskaupstað.

Fjölskylduhagir?
Giftur Stefaníu Freysteinsdóttur, á 4 börn og 2 barnabörn.

Hvar starfar þú núna?
Hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað sem skipstjóri á Blæng NK-125.

Hvenær hófst þú vinnu við sjávarútveg?
1987 eða 1988.

Hvað er það skemmtilegasta við að vinna við íslenskan sjávarútveg?
Mikil fjölbreytni. Ekkert ár er eins.

En það erfiðasta?
Ætli það séu ekki mannskapsmál og allt í kringum þau.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur lent í í störfum þínum?
Sennilega þegar við fórum í Barentshafið í fyrra og fengum rússneskan eftirlitsmann um borð hjá okkur sem átti að vera með okkur í 35 daga. Hann kunni bara rússnesku, Enga ensku. Ég var svo heppinn að stýrimaðurinn hjá mér kunni rússnesku svo að þetta bjargaðist.

Hver er eftirminnilegasti vinnufélagi þinn?
Ég mundi segja Sveinn Benediktsson, fyrrverandi skipstjóri. Ég byrjaði til sjós með honum og það var einstaklega gott að vera með honum. Ég lærði margt af honum.

Hver eru áhugamál þín?
Útivist, golf og að ferðast.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?
Myndi segja að það séu rjúpur.

Hvert færir þú í draumfríið?
Eitthvert til Asíu.

Óskum útgerð og áhöfn til hamingju með glæsilegt skip

Skipið er hannað af Kongsberg í því er meðal annars eftirfarandi Kongsbeg búnaður:

- Aðalvél
- Ljósavélar
- Gír og skrúfubúnaður
- Spilkerfi
- Aðaltöflur
- Viðvörunar og stjórnkerfi

Auk þess er fiskimjölsverksmiðja frá Héðni h.f. til fullvinnslu á afla um borð.

HÉÐINN

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is

Vaktstöð siglinga

Sjálfvirka tilkynningaskyldan og smáforrit

til að tilkynna um brottför úr höfn

Sjálfvirka tilkynningaskyldan var tekin upp hér á landi fyrir hartnær 20 árum en hún var formlega tekin í notkun í maí árið 2000. Lög um vaktstöð siglinga sem upphaflega voru sett árið 2003 færðu þjónustuna til núverandi horfs. Nú er rekin ein vaktstöð siglinga í Skógarhlíð 14 í Reykjavík, samhliða stjórnstöð Landhelgisgæslunnar. Í Skógarhlíð er einnig neyðarsvörun 112 og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar sem tryggir skjót viðbrögð í neyð. Vaktstöð siglinga annast einnig vöktun neyðarrása og fleiri verkefni vegna sjófarenda.

■ Greinahöfundur er Magnús Hauksson, rekstrarstjóri Neyðarlínu.

Sólarhringsvakt árið um kring

Fyrsta áratuginn eða svo notaðist sjálfvirka tilkynningarskyldan við tækni sem byggði á heimagerðri tæknilausn en seinna tók alþjóðlega AIS tæknin við, sem nú er í notkun. Það eru núna hringinn í kringum landið 44 landstöðvar sem nema AIS merki frá skipum og miðla þeim áfram til vaktstöðvar siglinga þar sem sjálfvirk kerfi og þjálfaðir starfsmenn vakta boðin allan sólarhringinn allan ársins hring. Komi eitthvað upp á er samstundis brugðist við í samræmi við verklag sem um það gildir. Þetta fyrirkomulag hefur margsannað gildi sitt fyrir öryggi sjófarenda og hefur án efa bjargað mannslífum.



■ Staðsetning AIS landstöðva.

Tilkynningar með snjallsímanum

Einn þáttur í vöktuninni er að öllum skipum ber að tilkynna um brottför úr höfn en við það hefst vöktunin og henni lýkur ekki fyrr en skip kemur aftur til hafnar. Lengst af hefur tilkynning um brottför átt sér stað handvirkt um talstöðina. Það hefur reynst vel enda er þá í leiðinni kannað hvort talstöðin virki. En sjófarendur kölluðu eftir framþróun á þessu sviði í takt við nýja tíma og breyttar aðstæður. Þeir vilja eðlilega nota nýjustu tækni svo sem snjallsíma

Kælismiðjan Frost óskar útgerð
og áhöfn Ilivileq GR 2-201 til hamingju
með nýtt og glæsilegt skip

FROST
KÆLISMIÐJAN FROST EHF.

■ Landstöð sjálfvirku tilkynningarskyldunnar á Straumnesfjalli.



■ Smáforrit til að tilkynna um brottfarir úr höfn.

og sumum finnst ekki viðeigandi að allir gætu heyrt í talstöðinni að verið væri að láta úr höfn eða hve margir væru um borð. Þar spiluðu meðal annars inn í viðskiptahagsmunir og persónuverndarsjónarmið. Því var ráðist í það verkefni að þróa einfalt smáforrit (app) fyrir snjallsíma til að tilkynna um brottför skipa úr höfn til vaktstöðvar siglinga og var það tekið í notkun fyrir rúmu ári síðan. Það virkar samhliða talstöðinni sem verður hægt að nota eftir sem áður. Sjófarendur hafa því val um með hvaða hætti þeir tilkynna brottför úr höfn.

Smáforritið sem er öllum aðgengilegt, heitir „Vss App", í „Play store" fyrir Android snjallsíma og „VSS Login" í „App Store" fyrir Apple snjallsíma. Því þarf að hlaða niður í snjallsímann áður en notkun hefst.

Forritið virkar þannig að skipstjóri skráir sig inn í forritið með kennitölu sinni, tilgreinir síðan skip og fjölda manna um borð og skráir skip sitt úr höfn en við það sendir forritið brottfarartilkynningu til vaktstöðvarinnar. Á meðfylgjandi mynd má sjá skjámyndir af forritinu. Forritið lætur vita ef tilkynningin skilar sér ekki til vaktstöðvarinnar, t.d. ef síminn er utan þjónustusvæðis. Nú eru nærri 20% brottfara úr höfn tilkynntar með forritinu, mikið af því tengt ferðaþjónustu.

Ef ferilvöktunarbúnaður (AIS) viðkomandi skips er óvirkur þegar það er tilkynnt úr höfn með þessum hætti, þá fær skipstjóri ábendingu frá forritinu um að hafa samband við vaktstöð siglinga. Þar er jafnframt áfram fylgst sjálfvirkt með því að skip sem sendir merki um að það sé farið úr höfn hafi tilkynnt brottför.

Eftir sem áður eru sjófarendur minntir á að hafa ávallt kveikt á talstöðinni og hafa stillt á neyðarrásina, rás 16, og vera vakandi fyrir neyðarköllum á henni.

Stöðug framþróun kerfanna

Stöðugt er unnið að framþróun kerfanna í vaktstöðinni sem og endurbótum á landstöðvunum í þeim tilgangi að gera þau öruggari í notkun og þétta þjónustusvæðið. Þar með talið er stöðugt unnið að endurbótum á AIS landstöðvarkerfinu. Þannig var til dæmis nýverið reist mastur á Flateyri til að þjóna betur sjófarendum í utanverðum Önundarfirði. Stöðin sem er á Straumnesi á Hornströndum var talvert endurbætt en þar eru aðstæður erfiðar enda ekkert rafmagn frá veitu að hafa og staðurinn fjarri mannabyggðum. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig heilmiklum sólarsellum var komið fyrir sem hafa gefið góða raun. Rekstur vindmyllu sem þar hefur verið sett upp nokkrum sinnum gengur ekki vel því þær brotna jafnharðan í vetrarverðum. Stór hluti orkunnar sem þarf fyrir landstöðina kemur því nú frá sólarrafhlöðunum en afgangurinn kemur frá rafstöð á staðnum.

Tvær gerðir AIS tækja

Á meðfylgjandi mynd má sjá núverandi staðsetningu landstöðvanna og áætlað þjónustusvæði. Um borð í skipum er heimilt að nota tvær gerðir AIS tækja eða svokallað AIS-A tæki og AIS-B tæki háð skipsgerð. Nokkur munur er á virkni þessara tækja. AIS-A tækin eru mun öflugri og senda staðsetningarmerki með um 6-sinnum meira sendaafli en AIS-B tæki. Á stærri skipum eru loftnet einnig eðlilega staðsett hærra frá sjó sem eykur drægni. Af þessu leiðir að þjónustusvæðið getur verið mismunandi eftir skipsgerð, háð auk tækisgerðar meðal annars fjarlægð frá landi en einnig landslagi þar sem björg í sjó fram geta skyggt á. Af þessu leiðir að það kunna að vera svæði nærri landi þar sem næst merki frá AIS-A tæki en ekki AIS-B tæki. Lágreist skip með AIS-B tæki getur því „dottið" úr vöktun þó siglt sé um svæði þar sem er áætlað þjónustusvæði. Skipstjórar sem eru jafnan að sigla á svipuðum svæðum læra á þetta en fyrir aðra getur það að detta úr vöktun á slíku svæði leitt til þess að vaktstöðin hefji eftirgrennslan. Það er því miður ógjörningur að viðhalda nákvæmum kortum af þjónustusvæðum sem eru háð skipsgerð, tækisgerð og frágangi um borð.

VIÐ GERUM ÚT Á GÓÐA ÞJÓNUSTU

Héraðsprent

FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn
Norðfjarðarhöfn
Eskifjarðarhöfn
Mjóeyrarhöfn
Reyðarfjarðarhöfn
Fáskrúðsfjarðarhöfn
Stöðvarfjarðarhöfn
Breiðdalsvíkurhöfn

FJARÐABYGGÐ
www.fjardabyggd.is

Varðskipið Óðinn 60 ára

Sögufrægu skipi forðað frá eyðileggingu

Rætt við Guðmund Hallvarðsson, formann Hollvinasamtaka Óðins en fyrir atbeina m.a. hans tókst að forða því að eitt sögufrægasta skip Íslendinga yrði selt í brotajárn

Fyrir þá sem eru komnir yfir miðjan aldur hefur varðskipið Óðinn yfir sér einhvern dýrðarljóma og það ekki að ástæðulausu. Skipið tók virkan þátt í þorskastríðunum á liðinni öld, klippti á togvíra þrjátíu erlendra togara og lenti tíu sinnum í árekstri við breskar freigátur og dráttarbáta. Síðast en ekki síst bjargaði áhöfn Óðins hundruðum skipa til hafnar og tók þátt í björgun tugþúsunda mannslífa á langri vegferð. Þegar svo þetta sögufræga fley var leyst af hólmi með nýjum skipum munaði hársbreidd að það yrði selt til útlanda, jafnvel í brotajárn. Þessu sögufræga skipi tókst að forða frá eyðileggingu fyrir harðfylgi nokkurra manna og fremstur meðal jafningja þar er án efa Guðmundur Hallvarðsson, fyrrum alþingismaður. Hann fékk því framgengt að heimild til ríkisstjórnar um að selja skipið úr landi yrði afturkölluð. Guðmundur Hallvarðsson er formaður Hollvinasamtaka Óðins.

■ Guðmundur Hallvarðsson, formaður Hollvinasamtaka Óðins: „Ég var þeirrar skoðunar strax að með því að selja skipið eða jafnvel farga því endanlega værum við Íslendingar að vanvirða lífshættuleg störf þeirra manna sem tóku þátt í að berjast fyrir stækkun landhelginnar.“

Hafði taugar til Óðins

„Já, einhverra hluta vegna rann það mér til rifja þegar ég sá frétt þess efnis í Morgunblaðinu haustið 2002 að varðskipið Óðinn væri falt. Ég hafði nokkrar taugar til Óðins en þar var ég munstraður háseti vorið 1963 og var ég á honum í tvö sumur. Ég hafði einnig, eins og aðrir landsmenn, fylgst með hetjudáðum áhafnar þessa skips í orrustum við breska heimsveldið og var stoltur af mínum mönnum. Ég var þeirrar skoðunar strax að með því að selja skipið eða jafnvel farga því endanlega værum við Íslendingar að vanvirða lífshættuleg störf þeirra manna sem tóku þátt í að berjast fyrir stækkun landhelginnar. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 15. október 2005 minnti ég á að þennan dag fyrir 30 árum hefði fiskveiðilögsaga Íslendinga verið færð út í 200 mílur og lagði ég af því tilefni fram tillögu um að varðskipið Óðinn yrði varðveitt og breytt í safn um þorskastríðsárin. Þessi tillaga var samþykkt á fundinum. Strax um haustið beitti ég mér fyrir því í umræðum á þingi um fjárlög næsta árs að heimild ríkisstjórnar til að selja Óðinn yrði felld úr gildi. Tillaga þess efnis var svo samþykkt með atkvæðum 36 þingmanna en 15 greiddu ekki atkvæði og 12 voru fjarverandi. Enginn þingmaður var á móti sem segir sína sögu.“

Guðmundur segir að björninn hafi ekki með öllu verið unninn þrátt fyrir þetta því haustið eftir leitar ríkisstjórnin heimildar til að selja Óðinn en við þá gömlu hugmynd var hnýtt viðaukanum „... eða ráðstafa með öðrum hætti.“ Hann hefði rætt málið ítarlega við Geir H. Haarde forsætisráðherra og þeir verið sammála um að þarna væri komin fram tillaga sem gæti hugsanlega raungert hugmyndina um að Óðni yrði breytt í minjasafn um þorskastríðin.

Hollvinasamtök stofnuð

„Sumarið 2006 hafði ég tekið málið upp á stjórnarfundi Sjómannadagsráðs Reykjavíkur og Hafnarfjarðar um að stjórnin hefði frumkvæði að stofnun Hollvinasamtaka Óðins og var sú tillaga samþykkt. Sjómannadagsráð hafði í gegnum tíðina alltaf sýnt minjamálum áhuga og allt frá stofnun þess hafði það barist fyrir almennilegu sjóminjasafni og m.a. efnt til sjómannasýningar árið 1939 um þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar.“

Í viðtali í Morgunblaðinu 15. júlí 2006 segir Guðmundur frá áformum um stofnun Hollvinasamtaka Óðins og kemst þar m.a. svo að orði: „Það voru sorgleg tíðindi þegar varðskipið Ægir var selt úr landi á sínum tíma. Að vísu var búið að breyta því nokkuð. Það er búið að eyðileggja varðskipið Þór sem tók þátt í öllum þorskastríðunum. Það varðskip sem eftir er, og tók þátt í öllum þremur þorskastríðunum, (útfærslu í 12, 50 og 200 sjómílur) er Óðinn og það er nánast óbreytt frá upphafi. Að vísu var á sínum tíma bætt við þyrluskýli á Óðinn en búnaður er að miklu leyti upprunalegur eða því sem næst. Til dæmis er talið að Burmeister & Wain vélarnar í Óðni, sem eru upprunalegar frá því skipið var smíðað 1958-1959, séu einar af fáum sinnar gerðar sem enn eru gangfærar í skipi í heiminum.“

Það var svo fimmtudaginn 26. október 2006 sem stofnfundur Hollvinasamtaka Óðins var haldinn í Víkinni, sjóminjasafni Reykjavíkur. Þar fluttu ávörp meðal annarra Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi forseti Íslands og Björn Bjarnason sem þá gegndi embætti dómsmálaráðherra. Um 200 manns sóttu fundinn.

Skipinu fundinn samastaður

„Við sem stóðum að þessu uppátæki vissum sem var að ekki væri nóg að friða skipið í orði heldur yrði að finna því varanlegan samastað og tryggja viðhald þess og rekstur í nýju hlutverki. Við fundum strax mikinn hlýhug í garð þessa verkefnis og höfum satt að segja alltaf orðið þess áskynja að mjög mörgum þykir vænt um þetta gamla fley og því stutt við samtökin með ráðum og dáð.“

Tímamót urðu þegar hafnarstjórn Reykjavíkur samþykkti sumarið 2007 að taka upp viðræður við fulltrúa Hollvinasamtakanna og leggja fram tillögu að framtíðarstaðsetningu skipsins. „Vissulega höfðu margar hafnir úti um landið viljað fá Óðinn til sín en ég var alltaf þeirrar skoðunar að eðlilegast væri að hann fengi samstað í sinni gömlu heimahöfn í Reykjavík. Á þessum árum var verið að byggja upp Víkina, sjóminjasafnið í Reykjavík og þótti mönnum Óðinn alveg tilvalinn sem viðauki við það ágæta safn. Að ráði varð að finna skipinu varanlegan samstað við svokallaða Verbúðarbryggju (Óðinsbryggju) við hlið safnsins. Hollvinasamtökin eru eigandi skipsins samkvæmt afsali frá því vorið 2008 en þau fólu jafnframt Víkinni sjóminjasafni að annast varðveislu þess og rekstur. Með þessu var baráttumálið komið í heila höfn en hurð hafði sannarlega skollið nær hælum.“

Frá því Óðinn var opnaður almenningi hefur aðsóknin að skipinu aukist jafnt og þétt. Varðveisla skipsins er stærsta og metnaðarfyllsta framtak í verndun skipa á Íslandi en áhersla hefur verið lögð á að opna skipið fyrir m.a. skólabörnum og ferðafólki og kynna þar sögu björgunar á Íslandi og baráttunnar yfir fiskimiðunum þar sem Óðinn gegndi svo lengi lykilhlutverki.

Varðskipið Óðinn

Smíðastaður: Álaborg í Danmörku 1959
Til Íslands: 27. janúar 1960
Fyrsti skipherra: Eiríkur Kristófersson
Í þjónustu Lhg: 1960-2008
Eigandi: Hollvinasamtök Óðins
Brúttóþyngd: 882 tonn
Lengd: 59 m
Breidd: 10 m
Hraði : 18 mílur
Djúprista: 5,9 m
Aðalvélar: 2 x Burmeister&Wain, 2,520 hö
Byssa: Bofort 57 mm frá 1896
Áhöfn: 18-27 manns

■ Óðinn siglir um sundin blá. Tímamót urðu þegar Óðinn leysti landfestar nú í vor eftir að hafa verið bundinn við bryggju en vélarnar höfðu ekki verið gangsettar síðan á árinu 2006. Ljósm. Landhelgisgæslan.

■ Varðveisla Óðins er stærsta og metnaðarfyllsta framtak í verndun skipa á Íslandi en áhersla hefur verið lögð á að opna skipið fyrir m.a. skólabörnum og ferðafólki.

Óðinn leysir landfestar

Tímamót urðu á ferli þessa sögufræga skips þegar það leysti landfestar nú fyrr á þessu ári eftir að hafa verið bundið við bryggju og vélarnar ekki gangsettar síðan á árinu 2006. Við spurðum Guðmund um tildrög þess að í þetta verkefni var ráðist.

„Með því að varðveita Óðinn var alltaf markmiðið að gera skipið að lifandi safni, ekki dauðum, ryðguðum stálskrokki við landfestar að eilífu. Að okkar mati í Hollvinasamtökunum og ekki síður af hálfu þeirra á sjóminjasafninu, þá er lykilatrriði að vel varðveitt skip sé jafnframt gangfært og að allir hlutir um borð séu í lagi. Þess vegna var lögð mikil vinna í það að gera upp vélar skipsinsog annan stjórnbúnað. Lögðu fjölmargir sjálfboðaliðar okkur lið í þeim efnum, m.a. vélstjórar og aðrir sem höfðu verið á Óðni á árum áður. Ástæðan fyrir þessu tiltæki okkar nú var að minnast þess að í janúar sl. voru 60 ár liðin frá komu Óðins til Íslands og völdum við dagsetninguna11. maí en það var gamli Lokadagurinn á vetrarvertíð sunnanlands. Páll Geirdal var skipherra í siglingunni en um borð voru m.a. vélstjórar, nokkrir félagar í Hollvinasamtökum Óðins ásamt stjórn, Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Ásgrímur L. Ágrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs LHG, Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, safnstjóri Sjóminjasafns Reykjavíkur auk annarra gesta. Margir lögðu leið sína niður á höfn til að fylgjast með siglingunni. Óðni var fylgt úr höfn af sjómælingaskipinu Baldri, varðbátnum Óðni, hafnsögubáti og þyrlu landhelgisgæslunnar. Þegar við komum út á ytri höfnina voru vélarnar í Óðni ræstar og skipið titraði undir fótum okkar. Það var ógleymanleg stund," segir Guðmundur Hallvarðsson að lokum.



■ Brynjar Birgisson stýrimaður á Þinganesi segir að þorskurinn sé að éta humar- og rækjustofnana upp.

Hefur gengið frábærlega með nýjan bát

Rætt við Brynjar Birgisson, stýrimann á Þinganesi SF

„Það hefur gengið frábærlega hjá okkur. Ég held að við séu komnir með um 1.200 tonn síðan við byrjuðum í lok febrúar. Það er gaman þegar maður fær að taka þátt í svona. En akkúrat í þessum töluðu orðum er veiðin að detta niður. Í síðasta túr vorum við ekki nema tæpa tvo sólarhringa að fylla bátinn en þorskurinn er að ganga út núna svo það er aðeins rólegra í augnablikinu. Við erum við Eldeyna, en nú er líka mikill straumur og leiðinlegt að eiga við þetta," segir Brynjar Birgisson, stýrimaður á Þinganesi SF, en hann var að toga við Eldeyna, þegar rætt var við hann.

„Við erum á fiskitrolli á nýja Þinganesinu og byrjuðum í enda febrúar en vorum áður á gamla Þinganesinu á fiskitrolli og humri. Þetta er fyrsta árið sem við verðum eingöngu á fiskitrolli allt árið svo ég veit ekki fyrir víst hvernig þetta verður núna. Við eigum bara að elta fiskinn þar sem hann er þéttastur. Mér þykir líklegt að við eltum hann vestur og síðan norður fyrir land. Í júní eða júlí verðum við líklega komnir austur úr og löndum á Hornafirði. Annars höfum við verið að landa í vinnsluna í Þorlákshöfn þar sem fiskurinn er að mestu flakaður og sendur utan ferskur."

■ Aflinn var ekki mikill að þessu sinni, en það vantaði fisk í vinnsluna í Þorlákshöfn og því var komið í land.

■ Löndun úr Þinganesi.

Þorskurin að éta humarinn

Talið berst að humarveiðunum sem nú eru í miilli lægð en þær þekkir Brynjar vel. „Ég vorkenni þeim mjög mikið sem eru á humri núna. Ég er búinn að vera á humri síðustu árin og það hefur verið erfitt. Það er aldrei gaman til sjós þegar það er rólegt. Ég er bjartsýnismaður og held ekki að humarstofninn sé að lognast út af. Ég held að það sé of mikill þorskur í sjónum og að hann sé að éta humarinn. Það er ekki ofveiði á humri, svo mikið er víst. Maður sér það svo vel er á fiskitrollinu núna að það er mikið af humri í þorskinum. Þetta er mín tilfinning og ég segi það sama um rækjuna. Þorskurinn étur líka rækjuna enda er stofninn í lágmarki. Það er heldur ekki ofveiði á rækju. Þess vegna finnst mér rétt að bæta við þorskkvótann svo hann éti ekki humarinn og rækjuna frá okkur."

Allt til fyrirmyndar

Þinganesið er nýr bátur í sjö báta seríu, skrokkurinn smíðaður í Kína og báturinn klárður hjá Vard skipasmíðastöðinni í Noregi. Vinnslulína var sett um borð í Hafnarfirði. Báturinn er í gerður út af Skinney-Þinganesi og er Brynjar ánægður með hann. „Maður hefði fyrir löngu átt að koma sér á svona bát. Gamla Þinganesið var góður bátur en aðeins byrjaður að eldast. Þessi nýi fer bara miklu, miklu betur með mann. Allur aðbúnaður og allt til fyrirmyndar. Við lentum í skítaveðri þegar við komum með hann frá Noregi sérstaklega frá Færeyjum til Hornafjarðar, sjö metra ölduhæð og sló upp í 37 metra. Það kom á hornið aftaná honum og við fundum ekki fyrir því. Svo þegar við fórum með hann frá Hornafirði til Hafnarfjarðar stoppuðum við í Eyjum, til að setja smá dót í land. Þar fór upp í tæpa 40 mestra í hviðunum, að vísu að austan beint í rassgatið á honum. Það var sama sagan maður vissi bara ekki af því. Þetta eru mjög vel heppnuð skip í alla staði," segir Brynjar.

Lestin íslaus

Búnaður á vinnsludekki er frá Micro, Kælingu og Völku og segir Brynjar að íslenska hugvitið hafi komið vel út á millidekkinu. Lestin er íslaus en fiskurinn kældur niður í kælikerfi á vinnsludekkinu og í lestinni er hitastigi haldið í einni til tveimur

■ Þinganes er nýr bátur í eigu Skinneyjar-Þinganess, einn af sjö úr seríu svokallaðra Vard-báta frá Noregi.

■ Vinnsludekkið er mjög tæknivætt og lestin íslaus. Búnaðurinn er frá Micro, Völku og Kælingu.

gráðum undir frostmarki. Báturinn tekur 240 400 lítra kör í lest en það fara um 330 til 350 kíló af fiski í hvert kar. „Einu sinni þurftum við að sigla nær landi til að komast í símasamband vegna þess að spilin duttu út. Þá gátum við hringt til framleiðandans í Noregi og vélstjórarnir náðu þá að gera við og við gátum haldið veiðum áfram. Þetta er það eina sem hefur skeð hjá okkur. Hitt hefur allt virkað. Þetta er það sem koma skal, mikil tæknivæðing á millidekkinu og hefur komið ágætlega út. Samskonar búnaður er í Steinunni, Þóri og Skinney."

Brynjar byrjaði 15 ára gamall á sjónum á netum á Friðriki Sigurðssyni ÁR í desember 1980 með Sigurði Bjarnasyni, skipstjóra. „Ég hef svo verið á sjó síðan að undanskildum tveimur árum í Stýrimannaskólanum og einu hausti í byggingarvinnu. Það líkaði mér ekki. Þar eru allir að horfa á klukkuna og bíða eftir matar- og kaffitímum. Það hentaði mér ekki."

Mikill keppnismaður

Brynjar segir að sér hafi alltaf þótt gaman á netum enda alinn upp í netaveiðinni á Friðriki Sigurðssyni.

„Þegar ég byrjaði á sjó var ekki kvóti. Þá var alltaf keppni, ég er svo mikill keppnismaður að ég þoli ekki að tapa. Er mjög tapsár. Ég hef alltaf verið kappsamur í vinnu. Ég vil alltaf hafa eitthvað að keppast við en svo þegar kvótinn kom þá var ekkert hægt að keppa. Nú eru það reyndar verðmætin sem skipta máli, ekki magnið. Þetta eru kostir og gallar. Þetta er orðin allt öðruvísi sjómennska í dag heldur en var. Núna máttu ekki taka mikið meira enn fimm til sex tonn í hali í einu, vinnslan verður að hafa undan að gera að og koma fiskinum niður í kælingu."

Launajafnrétti um borð

Brynjar var í fjögur ár á gamla Þinganesinu. „Þegar Skinney-Þinganes keypti Auðbjörgu og kom með Þinganesið til Þorlákshafnar og Ársæli og Arnari var lagt, sögðu þeir okkur að við myndum fá nýjan bát eftir fjögur ár og það stóð. Þetta er frábær útgerð sem á í alla staði hrós skilið. Það er mjög gott að vinna hjá þeim og allt sem þeir hafa sagt við okkur hefur staðist. Við vorum þá tvær áhafnir á bátnum í skiptikerfi sem mér líkaði vel. Nú róum við meira en hér er góð og samhent áhöfn og nú í fyrsta sinn á þessu skipi er ung stúlka háseti. Þó hún sé í sínum fyrsta túr fær hún sama hlut og aðrir hásetar, svo það gildir svo sannarlega launajafnrétti um borð. Við ættum kannski að sækja um jafnlaunavottun!"

Allir að leika sér í símanum!

Brynjar var áður skipstjóri á Ársæli á netaveiðum sem hann segir vera talsvert frábrugðin því sem var á fyrri tíð. „Hjá okkur var farið út á nóttunni og lagt, dregið svo fljótlega aftur og netin tekin upp. Ekki látið liggja eins og áður tíðkaðist. Þá sá maður fyrst muninn á netafiski, hversu góður hann gat verið. Hann var ekki síðri en línufiskurinn. Þarna sást að það hefði kannski mátt slá aðeins af áður. Ekki vera alltaf í keppni. Ég man eina vertíðina á Friðrik Sigurðssyni að við fengum 1.100 tonn í mars og 900 tonn í febrúar.. Það eru stærstu mánuðir sem ég man eftir á netunum. Þá var stoppað hálfan sólarhring í mars en menn voru ekkert að væla yfir því. Þeir lögðu sig á kvöldin eftir löndun en á landstíminu var gengið frá netum og tekið í spil. Teknir nokkrir hringir í bridds þó sólarhringurinn væri orðinn nokkuð langur. Nú þekkist það ekki að taka í spil til sjós. Nú eru allir að leika sér í símanum. Ég þoli ekki tölvuleiki því ég er svo tapsár ég kann ekkert á þessa leiki og tapa því alltaf. Þess vegna spila ég þá ekki," segir Brynjar Birgisson.

■ Ljósafell SU 70 á miðunum.

■ Trollið tekið inn á dekk.

Á miðunum með Ljósafellinu

„Fiskiríið hefur verið mjög gott hér á okkar heimamiðum frá því um páska og veðrið í maí með besta móti. Og kærkomið að fá betra veður eftir þennan leiðinalega vetur,“ segir Kristján Gunnarsson, afleysingaskipstjóri á togaranum Ljósafelli SU 70 frá Fáskrúðsfirði.

„Í reynd hefur fiskiríið verið gott frá áramótum. Þá færðum okkur vestur um miðjan febrúar lönduðum í Reykjavík fram að páskum, vorum þá á veiðum mest á suðvesturmiðum en líka alveg vestur á Halamið ef forðast þurfti veður. En frá páskum höfum við verið á heimamiðunum og gengið ágætlega,“ segir Kristján en Ljósafellið landaði um 580 tonnum á fyrstu þremur vikunum í maí. Aflinn var blandaður en mest af þorski, karfa og ufsa.

„Við höfum aðallega verið að sækja í ufsa og karfa en höfum getað tekið þorsk með fyrir vinnsluna. Ofast erum við með 30-40 tonn af þorski, annað eins af ufsa og 10-20 tonn af karfa,“ segir Kristján og bætir við að undantekningalaust fari skipið suður úr Fáskrúðsfirði og haldi sig á á þessum tíma ársins á sunnanverðum Austfjarðamiðum.

Meðfylgjandi eru myndir sem Þorgeir Baldursson tók í túrum með Ljósafellinu SU nú í maí. Eins og sést er nóg að gera og fallegt á sjónum þegar vorblíðan gerir vart við sig.

■ Skipstjórinn í túrnum, Kristján Gunnarsson, með kaffibollann í brúnni.

■ Stefán Vilbergsson, matsveinn, tilbúinn með lambahrygginn fyrir áhöfnina.

■ Aðgerð í fullum gangi.

■ Aflinn kominn í móttökuna og aðgerð framundan hjá áhöfninni.

■ Eðvarð þór Grétarsson í aðgerð.

■ Stórt ufsahal á leið í upp skutrennuna.

■ Stefán Magnússon mokar ís í lestinni.

■ Blandaður afli í þetta sinn og vel af karfa í pokanum.

Þorbjörn tekur við nýrri Sturlu

Nýr togbátur, Sturla GK 12, kom til heimahafnar í Grindavík nú í maí en Þorbjörn hf. keypti hann frá Vestmannaeyjum. Báturinn hét áður Smáey og þar áður Vestmannaey og var gerður út af Berg-Huginn og síðan Síldarvinnslunni, sem keypti Berg-Huginn á sínum tíma. Báturinn heldur til veiða síðar í sumar. Því ræður gangur Covid-19 faraldursins og afleiðingar hans á fiskmörkuðum ytra.

Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar hf., segir að með þessum kaupum komi inn ný vídd í starfsemi félagsins. Línubátur með sama nafni verður tekinn úr útgerð og þá verður fyrirtækið með línubátana Hrafn og Valdimar í útgerð og þrjá frystitogara; Tómas Þorvaldsson, Hrafn Sveinbjarnarson og Gnúp, auk hinnar nýju Sturlu. Þá verði hægt að þjóna öðrum kaupendahópi, sem félagið hafi ekki getað sinnt eins vel og öðrum hingað til.

Skapar nýja möguleika

„Við reiknum með því að þessar breytingar sem hafa verið gerðar á skipakosti félagsins frá því í fyrra muni hafa áhrif á vinnsluna í landi. Meðal annars gætum við jafnvel farið út í það að fletja fisk og salta fyrir markaði í Portúgal og á Spáni. Við höfum nær eingöngu verið að flaka og selja fersk eða söltuð flök. Núna bætist það við að við getum farið að fletja líka."

Gunnar segir að framvindan í sumar markist af því hvort og hvernig markaðir ytra taki við sér. Vonast sé til að Sturla fari á veiðar um mitt sumar eða síðsumars en fyrir faraldurinn hafi verið gert ráð fyrir að togarinn færi til veiða í sumarbyrjun. Hann segir að sumarfrí verði tekið og líklega eitthvað í lengra lagi vegna áhrifa faraldursins. Þá nefnir hann að tveir frystitogaranna, Hrafn Sveinbjarnarson og Gnúpur, muni halda á makrílveiðar um leið og hann fari að gefa sig sem gæti verið undir lok júnímánaðar. „Við förum á makrílinn stax og hann lætur sjá sig."

■ Sturla GK 12, sem áður hét áður Smáey VE, kemur í fyrsta sinn til nýrrar heimahafnar í Grindavík.

■ Með auknum heimildum til flutnings aflaheimilda milli fiskveiðiára má segja að útgerðum sé gert kleift að geyma fiskinn óveiddan í sjó þar til um hægist á afurðamörkuðum.

Áhrif Covid-19 faraldursins

Geyma má fjórðung kvóta milli fiskveiðiára

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, gaf nú síðla maímánaðar út reglugerð sem veitir auknar heimildir til flutnings aflamarks í botnfisktegundum yfir á næsta fiskveiðiár. Aðgerðin er kynnt sem tímabundin en heimildin er aukin úr 15% í 25%. Í frétt frá atvinnuvegaráðuneytinu segir að þetta sé gert til að stuðla að meiri sveigjanleika við veiðar og vinnslu til að bregðast við áhrifum Covid-19 á íslenskan sjávarútveg en víða í greininni er bent á að við þær aðstæður sem nú eru uppi sé hagstæðara fyrir þjóðarbúið að geyma fiskinn frekar óveiddan í sjó á meðan afurðamarkaðir nái jafnvægi á nýjan leik í heiminum.

Samkvæmt gögnum Fiskistofu var hlutfall landaðs botnfiskafla 65% hinn 15. maí sl. en var tæp 70% á sama tíma í fyrra. Mikill samdráttur í eftirspurn eftir ferskfiski í heiminum í kjölfar Covid-19 er talin helsta ástæða þessarar lækkunar en einnig hefur dregið úr eftirspurn eftir frosnum afurðum á síðustu vikum. „Við þær aðstæður var talið rétt að veita tækifæri til frekari sveigjanleika við veiðar og vinnslu með því að hækka heimild til flutnings úr 15% í 25%," segir í frétt ráðuneytisins.

Gefur sjávarhiti síðastliðið sumar von um góða smálaxaveiði á Vesturlandi sumarið 2020?

Ævinlega ríkir mikil spenna hjá veiðimönnum fyrir komandi sumri og hversu margir laxar eiga eftir að skila sér upp í veiðiárnar. Í vetur birtist grein eftir Olmos og fleiri þar sem skoðuð voru áhrif umhverfisþátta í sjó á endurheimtur hópa laxastofna við Atlantshaf. Þar á meðal voru íslenskir laxastofnar af sunnan og vestanverðu landinu. Skoðuð voru áhrif yfirborðshita sjávar og frumframleiðni á svæðum sem eru talin líkleg beitarsvæði laxa í hafi. Hafsvæðið sem íslensku stofnarnir eru taldir halda sig á byggir á niðurstöðum úr rannsókn þar sem gönguseiði voru merkt með mælimerkjum frá Stjörnu-Odda sem Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknastofnun) stóð fyrir og sýndi mikilvæg fæðusvæði suðvestan við landið. Hjá flestum stofnahópum við Norður-Atlantshaf sýndi sjávarhiti lítil eða neikvæð tengsl við endurheimtur. Íslensku stofnarnir skáru sig úr hvað það varðar þar sem sterk jákvæð tengsl voru milli sjávarhita og endurheimta.

Við höfum fylgst með yfirborðshita sjávar síðustu ár og tengslum hans við laxgengd en gögn um hitann eru aðgengileg hjá bandarísku veðurfræðistofnuninni (NOAA). Þegar litið er á svæðið frá 35° til 20° vestur og 60° til 65° norður (sjá 1. mynd) sýnir meðalhiti á þessu svæði í júlí góð tengsl við smálaxaveiði á Vesturlandi ári síðar (2. mynd). Í júlí 2019 var sjórinn á umræddu svæði hlýrri en áður hefur mælst eða að meðaltali 11,75°C.

Ef gert er ráð fyrir að sama samband haldist þegar hitinn fer svo hátt upp gerir línulegt samband ráð fyrir rúmlega 21 þúsund fiska veiði smálaxa á Vesturlandi 2020 en rúmlega 25 þúsunda laxa veiði ef gert er ráð fyrir að sambandið sé 2. stigs margliða. Rétt er þó að vekja athygli á að töluverður breytileiki er til staðar þó að sambandið sé sterkt. Til að mynda er mikill munur á veiðinni 2008 og 2011 þrátt fyrir sambærilegt hitastig þau ár.



■ Mynd 1. Sjávarhiti í júlí 2019 á svæðinu frá 20°-35°W og 60°-65°N.



■ Mynd 2. Samband smálaxaveiði á Vesturlandi við sjávarhiti í júlí árið áður í hafinu suðvestur af Íslandi. Bláa línan sýnir línulegt samband og sú svarta 2. stigs margliðu.

■ Greinarhöfundar eru Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson sem eru í starfsstöð Hafrannsóknastofnunar á Hvanneyri.

■ Áhugavert verður að sjá smálaxaveiðina á Vesturlandi í sumar í samhengi við sjávarhitann suð-vestan við landið í fyrrasumar.

Mynd: Hafrannsóknastofnun

Lífsferill laxa er flókinn þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á fjölda göngulaxa og laxveiðina hverju sinni. Þó að laxveiði sé háð fjölda göngulaxa getur verið töluverður breytileiki í veiðihlutfalli og endurveiðihlutfalli þar sem stundað er að veiða og sleppa, en ekki var reynt að leiðrétta fyrir þeim þáttum hér. Helstu áhrifaþættirnir á fjölda göngulaxa eru einkum breytileg framleiðsla gönguseiða í ánum og breytileg afföll í sjávardvölinni. Hér er eingöngu unnið með tengsl sjávarhita við laxveiði ári síðar en mjög áhugavert væri að gera spálíkan þar sem fleiri breytur væru notaðar sem tengjast seiðaframleiðslu ánna og frumframleiðni sjávar. Loftlagsbreytingar eru ekki einungis að hafa áhrif á hitastig sjávar en breytingar á seltu, sýrustigi og hafstraumum geta einnig haft mikil áhrif á lífríkið. Erfitt getur verið að spá fyrir um áhrif umhverfisþátta þegar gildi sem ekki hafa sést áður koma fram. Hér er eingöngu unnið með gögn sem tengjast veiði á Vesturlandi en mjög áhugavert væri einnig að hefja rannsóknir á slíku sambandi í öðrum landshlutum, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Til þess þarf að merkja laxaseiði með mælimerkjum til að staðsetja beitarsvæði, en líklegt er að lax frá þessum landsvæðum noti önnur beitarsvæði en lax frá Suður- og og Vesturlandi.

Miðað við yfirborðshita sjávar sumarið 2019 og þau tengsl sem hafa komið fram við laxgengd eru góðar vísbendingar um að von geti verið á góðum smálaxgöngum í ár á sunnan- og vestanverðu landinu á komandi sumri en stangveiði á laxi í þessum landshluta eru yfirleitt um 40% af heildarveiði náttúrulegra laxastofna á landinu.

Greinin birtist fyrst á vef Hafrannsóknastofnunar.

Síðasti Vard togarar-inn farinn á veiðar

Þann 19. maí síðastliðinn hélt togarinn Harðbakur EA 3 í fyrstu veiðiferð frá Akureyri en síðustu mánuði hefur verið settur vinnslubúnaður á milliþilfar skipsins. Harðbakur EA er í eigu Útgerðarfélags Akureyringa hf., dótturfélags Samherja hf. og er einn af sjö samskonar togurum sem smíðaðir voru í Vard skipasmíðastöðinni í Noregi og komu hingað til lands síðustu tvö ár. Hin skipin eru öll komin á veiðar, þ.e. Steinunn SF og Þinganes SF í eigu Skinneyjar Þinganess hf., Vörður EA og Áskell EA í eigu Gjögurs hf. og Vestmannaey VE og Bergey VE í eigu Bergs-Hugins ehf.

■ Harðbakur EA lætur úr höfn á Akureyri í fyrstu veiðiferð.

Mynd: Þorgeir Baldursson

Harðbakur EA 3 er með vinnslulínu fyrir bolfisk en hún er hönnun og smíði Slippsins Akureyri hf. sem annaðist einnig uppsetningu. Aflinn er krapakældur með búnaði frá Kapp ehf. Lestarrými er fyrir rösklega 80 tonn.

Gúmmísteypan keypti Habasit lagerinn af IBH og býður nú enn meira úrval reima en áður

Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf

Gylfaflöt 3 • 112 Reykjavík • Sími: 567 4467 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

Fiskirannsóknir

Lífsgáta hrognkelsisins að skýrast

hrognkelsi merkt syðst í Irmingerhafi veiddist við Langanes, rúmum 1200 kílómetrum frá merkingarstað

Árið 2018 hóf Hafrannsóknastofnun í samvinnu við rannsóknarfyrirtækið Biopol á Skagaströnd og grænlensku náttúrufræðistofnunina að merkja hrognkelsi á fæðuslóð á víðáttumiklu hafsvæði í Norðaustur-Atlantshafi. Rannsóknir síðustu ára hafa skilað margs konar þekkingu um hrygningu hrognkelsa og ferð þess þeirra á grunnslóð en skortur er á upplýsingum um lífshætti þeirra áður en þau koma að ströndum Íslands til hrygningar.



■ Merkingar fiska hafa vakið athygli á mikilli yfirferð hrognkelsisins. Hér má sjá merkingar- og endurheimtustaði sjö hrognkelsa 2018 og 2019. Merkilegast þykir að sjá að að eitt þeirra veiddist við Langanes og hafði þá farið röska 1200 kílómetra frá merkingarstað sunnarlega í Irmingerhafi.



■ Hér má sjá afla hrognkelsa í kílóum í stöðluðum yfirborðstogum með flotvörpu í alþjóðlegum uppsjávarleiðangri í júlí 2019. Þessi fisktegund dreifist um stórt hafsvæði.

Er íslenska grásleppan norsk?

Hafrannsóknastofnun birti nýverið upplýsingar um þessar rannsóknir þar sem segir að í alþjóðlegum uppsjávarrannsóknarleiðangri í júlí, sem beinist einkum að makríl, sýna yfirborðstog með flotvörpu að hrognkelsi sé að finna samfleytt um nær allt Norðaustur-Atlantshaf ef frá er skilið svæðið suður af Íslandi. „Við vitum hins vegar ekki hvort hrognkelsi í Noregshafi hrygna við Ísland eða Noreg, sem dæmi. Markmið merkinga í leiðangrinum er því að greina far hrognkelsa, stofnsamsetningu, vaxtarhraða og hversu lengi þau halda sig á fæðuslóð áður en þau skila sér til hrygningar. Þá er mögulegt að merkingarnar og aðrar niðurstöður leiðangursins muni nýtast til að meta nýliðun og þannig gera kleift að spá fyrir um stærð næstu hrygningargöngu.

Ferðaðist yfir 1200 kílómetra

Í heild voru 761 hrognkelsi merkt árin 2018 og 2019. Alls 7 fiskar hafa verið endurheimtir, 5 grásleppur og 2 rauðmagar.

„Eitt hrognkelsanna endurheimtist fjær merkingastað en áður hefur sést. Það var merkt í suðurhluta Irmingerhafs og endurheimtist við Langanes, í 1230 km fjarlægð. Fyrra metið var 587 km. Þessar frumniðurstöður sýna að fæðuslóð grásleppu sem hrygnir við Ísland er bæði í Irmingerhafi og Íslandshafi. Til að auka umfang þessara rannsókna er vonast til þess að Norðmenn taki þátt í þeim frá og með árinu 2021," segir í samantekt Hafrannsóknastofnunar þar sem enn fremur er vakin athygli að rannsóknin byggi á að sjómenn skili inn merktum grásleppum. Þannig er greidd 5000 kr. þóknun fyrir hvern heilan fisk með merki sem skilað er til Hafrannsóknastofnunar eða Biopol.

SJÓMENN OG FISKVINNSLUFÓLK TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

UMBÚÐIR & MERKING ERU OKKAR FAG

CoolSeal
SEAFOOD PACKAGING SYSTEM

FERSKFISKKASSAR SEM ERU 100% ENDURVINNANLEGIR

CoolSeal kassinn er umhverfisvænn og því góður valkostur í stað frauðplastkassa

100% RECYCLABLE 5 PP

- *Hagkvæmari aðflutningur*
- *Betri nýting á bretti*
- *Betri nýting gáma*

Gámakassi, vélreistur með styrkingu í hornum skýr og góð prentun.

Nýr flugkassi, tvöföld langhlið sem tryggir meiri styrk og betri einangrun.

PRENTUN.IS

BRC CERTIFICATION BODY

Vörumerking LÍMMIÐAPRENTUN

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhraun 4 • 210 Garðabæ • Furuvöllum 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

Dásamlegur fiskur í matinn

Fiskurinn sem okkur stendur til boða alla daga er ferskt úrvals hráefni. Fisk er hægt að elda á fjölbreytilegan hátt og hér eru nokkrar auðveldar uppskriftir. Eldið og njótið sumarsins með íslenskum fiskréttum.

Þorskur í möndluhveiti

Þorskur er undirstaða lífsafkomu þjóðarinnar. Á árum áður var hann að mestu saltaður eða þurrkaður og fluttur þannig utan. Þar sem hann skilaði lífsnauðsynlegum gjaldeyri, borðuðum við ekki mikið af honum, en nú er öldin önnur. Reyndar fara yfir 90% af öllum þorski utan á matardiska Evrópumanna og Ameríkana en við höfum komist upp á lagið við að njóta hans öðruvísi en saltaðs eða sigins og þá eru möguleikarnir endalausir.

Hráefni

400 g þorskflök, roð- og beinhreinsuð
½ bolli hveiti
1 msk. möndluflögur, muldar
1/2 tsk. salt
2-3 msk. extra virgin ólífuolía
2 msk sesamolía
2 dl kjúklingasoð
3 msk. sítrónusafi
¼ bolli kapers
2 msk fersk steinselja, söxuð

Aðferð

Blandið hveitinu, muldu möndluflögunum og saltinu saman í skál. Þurrkið fiskibitana og veltið upp úr hveitiblöndunni. Hitið ólífuolíuna á pönnu upp í ríflega miðlungshita og bætið einni matskeið af sesamolíu út á. Steikið fiskinn í 3-5 mínútur á hvorri hlið eftir þykkt bitanna þar til þeir verða gullnir. Takið fiskinn síðan af pönnunni, leggið til hliðar og haldið heitum. Hellið kjúklingasoðinu út á sömu pönnu og bætið við sítrónusafa og kapers og skrapið leifarnar af þorskinum upp af botninum svo þær blandist sósunni. Látið sjóða niður um helming og bætið þá því sem eftir er af sesamolíunni út í og hrærið vel saman.

Berið fiskinn fram á tveimur diskum, dreypið sósunni yfir og stráið steinseljunni ofan á. Soðnar kartöflur fara vel með þessum góða rétti og salat að eigin vali.

Sjávarréttalasagne

Íslendingar voru lengst af ekki ginkeyptir fyrir pasta. Neysla þess varð ekki almenn fyrr en með kynnum af matreiðslu suðrænni landa eins og Ítalíu, sem er land pastans. Í raun og veru er hægt að nota pasta í matreiðslu á nánast hverju sem er; fiski, kjöti, grænmeti og svo framvegis. Hér er sjávarréttalasagne sem er einfalt en glettilega gott. Flottur réttur fyrir flest tækifæri.

Innihald

2 vorlaukar, fínt saxaðir
2 msk. matarolía
4 msk. smjör
1 ½ dl. kjúklingasoð
2 ½ dl. fiskisoð
250 g hörpudiskur
250 g rækja
250 g gervikrabbakjöt (surimi) smátt skorið
¼ tsk. pipar
1 bolli hveiti
5 dl. mjólk
½ tsk. salt
2 ½ dl. rjómi
½ bolli rifinn parmesan ostur
9 plötur af lasagne, soðnaðar og þurrkaðar

Aðferð

Takið stóra pönnu og mýkið laukinn í matarolíu og 2 msk. af smjöri. Hellið þá kjúklinga- og fiskisoðinu út á og látið suðuna koma upp. Bætið hörpudiskinum og krabbakjötinu út í og látið malla í 3-4 mínútur. Takið pönnuna af hitanum og bætið rækjunni út í. Færið sjávarfangið upp úr pönnunni og leggið til hliðar og haldið soðinu eftir.

Bræðið það sem eftir er af smjörinu í potti og hrærið hveitið saman við. Blandið saman mjólkinni og vökvanum af pönnunni og hrærið varlega saman við smjörbolluna og kryddið með pipar og salti eftir smekk. Látið sósuna sjóða í um 2 mínútur eða þar til hún fer að þykkna.

Takið pottinn af hitanum og hrærið rjómanum og helmingnum af ostinum út í. Blandið tæpum bolla af sósunni saman við sjávarfangið.

Hitið ofninn í 180°C. Takið til eldfast mót, um það bil 25x10 sentímetra að stærð, og hellið smávegis af sósunni í botninn. Leggið eitt lag af lasagne plötum yfir og dreifið helmingum af sjávarfanginu jafnt þar yfir og síðan tæpum bolla af sósu. Endurtakið tvisvar og dreifið því sem eftir er af ostinum yfir efsta lagið.

Bakið í ofninum í 35-40 mínútur, eða þar til yfirborðið er orðið fallega gullið. Takið úr ofninum og látið standa í 15 mínútur áður en rétturinn er borinn fram. Gott er að hafa ferskt salat og gott brauð með og hugsanlega glas af kældu hvítvíni.

Þorskur með sítrónu og aspas

Þorskur er afbragðsmatur. Um að gera að prufa nýjar aðferðir við matreiðslu á honum og njóta fjölbreytninnar sem fiskur almennt býður upp á í matreiðslu. Þessi uppskrift er einföld og góð og má í raun og veru nota hvort sem er bakaraofninn eða grillið við eldunina.

Hráefni

800 g ferskir þorskbitar, roð- og beinlausir
500 g ferskur aspas, þveginn og snyrtur eða niðursoðinn úr dós
5 sítrónur skornar í sneiðar
1 gul paprika, sneidd
4 msk. ólífuolía
1 msk. hvítlaukssalt
1 msk. sítrónupipar
3 msk. brauðmylsna

Aðferð

Hitið ofninn í 200°C. Leggið örk af góðum álpappír í eldfast mót og smyrjið matarolíu á örkina. Leggið sneiðar úr einni sítrónu og helming lauksneiðanna á álpappírinn. Raðið aspasnum ofaná og þar yfir lagi af lauk og sítrónu. Leggið þorskbitana þar yfir og hellið ólífuolíu yfir og kryddið með salti og sítrónupipar. Kreistið safa úr hálfri sítrónu yfir og dreifið loks brauðmylsnunni jafnt yfir. Bakið í ofninum í 13-15 mínútur eftir þykkt þorskbitanna og þar til aspasinn er farinn að mýkjast innan en er jafnframt svolítið stökkur að utan. Loks má skjóta smá grilli á fiskinn, 1-2 mínútur eða svo.

Flottur hnakki af feitum þorski

Það er fátt betra en feitt kjöt, sögðu bændur í gamla daga. Nú er viðhorfið aðeins breytt og fátt er betra en hnakki af feitum þorski sem auðvelt er að nálgast í næstu fiskbúð. Hnakkinn er eftirsóttasti og verðmætasti hluti fiskflaksins. Þessi vara er enda snar þáttur í framleiðslu á fiskbitum til útflutnings.

Hráefni

800 g léttsaltaðir þorskhnakkar
2 rauðlaukar, sneiddir
1 rauð paprika, sneidd
12 döðlur, saxaðar
2 msk. smjörlíki
1 msk. ólífuolía
nokkur strá af graslauk til skrauts
fersk steinselja til skrauts
4 msk. hveiti

Blómkálsmauk

1 blómkálshaus
½ dl rjómi
2 msk. basilíkuolía
4 hvítlauksrif, söxuð
2 msk. fetaostur með olíu
sellerísalt

Aðferð

Sjóðið blómkálið þar til það er farið að mýkjast. Takið það úr pottinum og látið vatnið drjúpa af því. Setjið það þá í skál og bætið út á rjóma, basilíkuolíu, fetaosti og hvítlauk og maukið með töfrasprota. Kryddið til með sellerísaltinu. Leggið það til hliðar og haldið heitu.

Skerið þorskhnakkana í fjóra jafna bita, eða fleiri ef þannig liggur í stykkjunum. Veltið þeim upp úr hveiti. Hitið smjörlíki og ólífuolíu á pönnu svo það verði snarpheitt. Setjið þá þorskbitana á pönnuna og snúið holdhliðinni niður.

Setjið þá laukinn og paprikuna á heita pönnu með smjörlíki eða ólífuolíu og mýkið og bætið döðlunum fljótlega út á. Lækkið svo hitann undir pönnunni niður undir núllið.

Þegar fiskstykkin eru orðin gullin á holdhliðinni, er þeim snúið við og steikt áfram á roðinu í 4-6 mínútur eftir þykkt.

Berið fram með blómkálsmaukinu og lauk- papriku- og döðlumaukinu og stráið steinselju og graslauk yfir, svona fyrir augað.

MARPORT.COM — 533 3838

Til hamingju með daginn sjómenn!

Marport óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

Stofnað árið 1996

MARPORT

Marport er leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á veiðarfæranemum og er með starfsemi í sex löndum.

MARPORT EHF. MARPORT NORGE AS MARPORT FRANCE MARPORT SPAIN MARPORT SOUTH AFRICA MARPORT AMERICAS

Verkefni til að takast á við og leysa

segir Sigurður Jónsson skipstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK um aðstæður í sjávarútvegi á tímum heimsfaraldurs kórónuveirunnar

„Ég fór í veiðiferð í byrjun apríl og held að það hafi aldrei verið eins flókið að fara út á sjó. Þá var gott að hafa samstillta áhöfn og góða útgerð með Björn Halldórsson, öryggisstjóra, í fararbroddi. Strákarnir voru í raun í sóttkví í tvær til þrjá vikur fyrir túrinn til reyna að forðast smit. Það var skortur á sýnatökupinnum á þessum tíma en svo komst áhöfnin í skimun skömmu fyrir brottför og reyndist einn jákvæður sem varð eftir heima. Þetta var sunnudegi og fórum út á miðvikudegi. Þetta var ekki bara áfall fyrir hann og fjölskyldu hans, heldur bæði áhöfn og útgerð með það í huga að hefði hann farið smitaður út á sjó, hefði allt hreinlega farið mjög illa. Þetta var allt mjög skrítið vitandi það að við þyrftum að bíða í um hálfan mánuð úti á sjó eftir því hvort allir væru ekki örugglega einkennalausir og það varð sem betur fer raunin.“ Þetta segir Sigurður Jónsson, skipstjóri á Tómasi Þorvaldssyni, frystitogara Þorbjarnar hf. í Grindavík, um hina bannsettu kórónuveiru sem veldur Covid-19 sjúkdómnum og áhrif hennar fiskveiðarnar. En það eru mun meiri áhrif sem faraldurinn hefur á veiðarnar. Markaðirnir ytra hrundu.

■ Sigurður Jónsson skipstjóri á Tómasi Þorvaldssyni segir að Covid-19 faraldurinn hafi breytt ótrúlega miklu.

Ansi sérstakt verkefni

„Svo er það skrítin tilfinning að fara út á sjó vitandi svona nokkurn veginn hvað veiða skuli en eftir fimm daga gjörbreyttist allt saman þegar hægðist á öllum sölumálum erlendis. Það eina sem hefur selst auðveldar og betur eru afurðir fyrir markaði í Asíu. Fyrir vikið var bara brunað vestur á Torg í grálúðu. Sama hefur átt við langflest frystiskipin. Það er verið að reyna að halda sjó. Enda þýðir ekkert að fiska það sem fer bara beint í geymslu og ekki vita hvaða verð mun fást fyrir þær afurðir. Við tókum flakaverðið niður um 20% til öryggis en það er ekkert víst hvert verðið verður þegar upp er staðið. Öll önnur verð voru færð niður um 10% í uppgjörinu.

Gengið hefur reyndar verið hagstætt fyrir okkur en þetta eru tímar sem þú verður gera hlutina öðruvísi. Maður verður bara að haga sér eftir aðstæðum og þær hafa bæði verið erfiðar og skrítnar. Við fiskum alltaf það sem markaðurinn biður um. Ef markaðurinn stoppar, eins og núna, verður maður að stoppa líka og fara að gera eitthvað annað. Nú liggja frystiskipin í grálúðu og jafnvel ísfiskskipin líka. En það liggur fyrir að þetta ástand muni lagast og smám saman muni neyslan aukast og hlutirnir færast í eðlilegra horf. Þetta er bara verkefni, ansi sérstakt, en svo koma bjartari tímar. Það koma alltaf upp einhverjar aðstæður sem kalla á viðbrögð. Ég vil ekki kalla þær vandamál heldur verkefni sem þarf að leysa.“

■ Landað úr Tómasi Þorvaldssyni. Veirufaraldurinn leiddi til umtalsverðar lækkunar á afurðum skipsins, en á móti hefur komið að lækkandi gengi skilar sjómönnum og útgerð fleiri krónum.

■ Fiskur og franskar er þjóðaréttur Breta. Mikið af fiskinum sem í hann fer er keypt frá Íslandi, meðal annars af frystitogurum Þorbjarnar í Grindavík.

Reglur þarf að sveigja eftir aðstæðum

Sigurður bendir reyndar á að við sérstakar aðstæður, eins og til dæmis núna, gangi ekki að allar reglur um veiðar og sókn sé óbreyttar. Reglur séu góðar og gildar þegar þær eigi við en þær verði að sveigja og breyta, þegar aðstæður breytist. Núna verði til dæmis að breyta reglunum um flutning kvóta yfir á næsta ár. Það sé engin skynsemi í því að það þurfi að veiða fisk sem enginn kaupandi er að. Það sé líka lítil skynsemi í því að hirða þorskhausa sem ekkert verð fáist fyrir. Það sé lítil skynsemi fólgin í því að láta reglur ráða því hvað nýtt sé og hvað ekki.

„Útgerðin og skipstjórarnir eru alltaf að leita eftir því sem skilar einhverjum peningum, verðmætum. Nú felast engin verðmæti í þorskhausunum. Ef olíuverð fer niður, eins og staðreyndin er núna, þá hrynur afurðaverðið á þorskhausum í Nígeríu. Þannig er staðan. Þá kemur tímabil sem ekkert fæst fyrir þetta en samt erum við með reglugerð um að hirða verði ákveðið magn af hausum. Útgerðir hafa líka verið að hirða karfahausa. Það opnaðist góður markaður fyrir þá um tíma. Núna veit ég að í geymslum eru nokkur þúsund kassar af karfahausum því markaðurinn er fallinn. Karfahausarnir eru notaðir í krabbagildrur við strendur Alaska en þar hafa einhverjar breytingar orðið á. Því sitja menn uppi með verðlausar afurðir með tilheyrandi kostnaði.“

■ Skipstjórarnir á Tómasi Þorvaldssyni, Sigurður og Bergþór, eru ánægðir með skipið og fiska vel á það.

Glapræði og hverfa frá núverandi kerfi

Sigurður gagnrýnir regluverkið við þessar aðstæður og kallar eftir að þær verði sveigjanlegar. Hann segir að reglurnar skapi ekki verðmæti, einar og sér.

„Nú er komin af stað verksmiðja sem framleiðir kollagen úr fiskroði og við höfum verið að hirða roð fyrir hana. Það er engin reglugerð sem segir okkur að gera það, við hirðum roðið því í vinnslu þess felast tækifæri til verðmætasköpunar. Þannig tökum við þátt í framþróuninni. Umhverfið í sjávarútveginum er síbreytilegt og við verðum að laga okkur að þeim breytingum,“ segir Sigurður

Skipstjórinn man tímana tvenna í sjávarútvegi og segir það styrkleika greinarinnar að takast á við breytingar. Kvótakerfið hafi miklu breytt.

„Einn af styrkleikum sjávarútvegsins er hæfileiki til þess að takast á við breytingar. Þegar ég byrjaði í skipstjórn var kvótakerfið að koma. Ég man hvernig þetta var fyrir kerfið og hef síðan séð hver þróunin og breytingin hefur verið. Þetta er eins og svart og hvítt. Það er alveg sama hvaða kerfi er notað til að stjórna veiðunum, það má alltaf bæta. En að ætla sér að henda núverandi kerfi og fara í einhverjar ólympískar veiðar og bjóða veiðiheimildir á uppboðum er bara glapræði. Þá er verið að fara marga áratugi

2017
2018
Framúrskarandi fyrirtæki
Hágæða vinnuföt
í miklu úrvali
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki
Snickers WORKWEAR
DUNDERDON
Mikið úrval af öryggisvörum
uvex
MILLER
OTTER
TOE GUARD
SOLID GEAR
Honeywell
Hultafors
Nú fást Snickers WORKWEAR vinnuföt í
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
HILTI
Verkfæri og festingar
HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

■ Tómas Þorvaldsson í heimahöfn í Grindavík í fyrsta sinn. Hann hér áður Sisimiut og þar áður Arnar HU.

aftur í tímann. Allt má laga og það hefði mátt taka á ákveðnum málum, því sumt hefur ekki þróast á réttan hátt. En ef menn ætla setja strangar ósveigjanlegar reglur gengur það ekki upp. Ef menn eru að missa veiðileyfi fyrir að henda verðlausri tindabikkju þá eru menn komnir í eitthvert lögregluríki sem enginn vill vera í."

Hörku skip í alla staði

Nú er liðið um ár síðan Þorbjörn keypti togarann Sisimiut frá Grænlandi og gaf honum nafnið Tómas Þorvaldsson GK. Sigurður hefur síðan verið með skipið ásamt Bergþóri Gunnlaugssyni. „Þetta er hörkuskip í alla staði. Manni fannst eins og svart og hvítt að vera á Hrafni Sveinbjarnarsyni eftir að hann var lengdur en að fara af honum yfir á Tómas Þorvaldsson er ennþá stærra skref. Hann fer alveg geysilega vel með okkur. Eins og tíðarfarið er búið að vera í vetur reyndi verulega á hann, en þetta er öruggt og sterkt skip, gott sjóskip. Það er meira pláss í skipinu og það fer betur um allt og alla," segir Sigurður.

„Í aðdraganda kaupanna höfðum við ákveðnar efasemdir hvernig sjálfvirkir frystar í vinnslurýminu gætu gengið á Íslandsmiðum í miklum sjógangi. En það hefur ekkert vesen verið með það. Bara núna í síðasta túr vorum við að veiðum í 25 til 30 metrum og leiðindaveðri. Þá rúllaði sjálfvirknin í vinnslunni hnökralaust meðan strákarnir voru að vinna. Skipið hefur því reynst afskaplega vel. Það tekur reyndar alltaf sinn tíma að gera þetta að sínu. Það er gjörólík vinnan hjá okkur um borð frá því sem fyrri eigendur voru að gera. Þetta hefur þó gengið hraðar en við bjuggumst við. Það þarf að aðlaga umbúðirnar því sem við erum að gera svo og vöruna. Hugsa um hvaða umbúðir henta kaupandanum og svo framvegis. Endapunkturinn í þessu var í vetur þegar við vorum að þróa óskjur fyrir karfann. Þá leystum við síðasta vandamálið. Þetta hefur því gengið framar vonum en það felst í því mikil vinna að taka við nýju skipi með búnaði sem áhöfnin er ekki vön. Við lítum ekki á þetta sem vandamál heldur verkefni."

Getur dregið tvö troll í einu

Fyrir utan stærðina á Tómasi er sá munur frá Hrafni Sveinbjarnarsyni GK að nýja skipið getur dregið tvö troll í einu. Sigurður segir að við ákveðnar aðstæður eins og á grálúðunni fyrir austan land, skipti þetta sköpum. Það þurfi að þekkja styrkleika og veikleika skips og veiðarfæra, hvenær þú græðir á því að vera með tvö troll undir og hvenær ekki. Það skipti miklu máli að hafa þennan möguleika og þetta sjáist það vel á afla nýrra öflugra öflugra togara á borð við Breka VE, Pál Pálsson ÍS og Guðmund í Nesi RE. Þeir fiski svakalega vel.

Allt verði þetta að „harmonera" saman. Taka megi þorskveiðar sem dæmi. Menn hafi fundið það að toppnum hafi verið náð fyrir nokkrum árum. Nú þurfi að hafa meira fyrir því að ná fiskinum og þá geti verið gott að vera með tvö troll undir. Nú sé líka algengt að beðið sé um ákveðna stærð af fiski en ekki bara ákveðið magn í löndun á ákveðnum tíma. Þá geti menn verið á þeim stað þar sem réttu fiskstærðina sé að finna. „Það er alltaf gaman að læra eitthvað nýtt og þetta er mjög gaman en í raun einfaldara en maður hélt."

Linnulaus ótíð

Sigurður segir að mikil ótíð hafi einkennt þennan vetur. Tíðarfarið hafi í einu orði sagt verið hræðilegt.

„Ég held að það hafi verið í nóvember sem þessi ótíð byrjaði og stóð linnulítið fram á vor. Ég spurði einn sem er eldri en ég og man lengra aftur í tímann. Hann sagði að þetta hefði verið alveg hræðilegt tíðarfar og hann myndi varla eftir öðru eins.

Samhliða því að tíðarfarið hefur verið svona slæmt hafa skipin ekki getað stjórnað veiðinni eins og best verður á kosið, ekki getað verið meira í karfa eða ufsa og leitað að þeim tegundum sem erfiðari eru. Þetta hefur verið andstyggilegt tíðarfar sem nánast hefur ráðið því hvar menn hafa getað verið að veiðum. Það er ansi erfitt að skipuleggja veiðar við slíkar aðstæður," segir Sigurður Jónsson.

Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

www.stolpigamar.is

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Allt fyrir ferskleikann

Laxinn er viðkvæmur og vandmeðfarinn

23 kg Laxakassinn er þannig hannaður að hann viðheldur ferskleika laxins lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir kassans eru eftirtaldir:

- Aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum.
- Fiskurinn raðast betur innan kassa.
- Meira rými er fyrir ís eða kælimottur.
- Rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol.
- Stærð kassanna er 79 x 39,2 sm og staflast þeir betur á vörubrettin.
- Vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður.
- Betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti.

Laxakassinn frá Tempru sér til þess að laxinn kemst ferskur til neytenda um allan heim.

TEMPRA
einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

Nótin er skemmtilegasta veiðarfærið

Rætt við Guðlaug Jónsson, skipstjóra, sem hætti á Venusi NS fyrir ári síðan eftir 52 ár á sjó

Guðlaugur Jónsson, skipstjóri, hætti á sjónum fyrir réttu ári eftir 52 ára feril en hann hóf sjómennskuna 15 ára gamall. Hann hefur því árátuga reynslu af veiðum á uppsjávarfiski. Fyrst síld, síðan loðnu og loks kolmunna og makríl. „Það er óhemju af fiski við landið sem þarf að éta og svo gleyma menn því oft að hvalurinn hefur höggvið mjög stórt skarð í þetta. Hann er að taka meira af loðnunni en veiðarnar. Hér á árum áður þegar maður fór norður eftir til að veiða loðnu var það viðburður ef maður sá hval. Eftir 1980 hefur hvalurinn alltaf fært sig upp á skaftið og fylgt göngunni austur eftir og síðan hringinn í kringum landað. Það er orðið óhemjumikið af hnúfubak hér við landið og hann er friðaður," segir Guðlaugur um stöðuna á loðnustofninum nú.

■ Guðlaugur í brúnni á Venusi. Hann var lengi til sjós og var farsæll og fengsæll skipstjóri.

Myndir: Hilmar Örn Kárason

Byrjaði á Ásbergi

Við förum svo yfir ferilinn í stuttu máli: „Ég byrjaði fyrst á síld 1967 en var byrjaður að fara eitthvað um borð í báta áður. Þá var ég munstraður á Ásberg RE, 15 ára gamall. Manni var tekið vel, góður mannskapur og manni kennt hvernig átti að gera hlutina. Þetta var nýr bátur, kom um veturinn og bróðir minn var þarna skipstjóri. Þetta var fínn bátur og ég var þarna um sumarið. Ég fór svo í skóla um veturinn og fór um borð árið eftir. Ég fór svo í Stýrimannaskólann árið 1970 og klárði farmanninn 1973. Ég hafði prufað farmennskuna sumrin 1969 og 1970 hjá Eimskip. Ég sá þó ekki framtíðina fyrir mér í fragtsiglingum."

Fór með Helgu II í Norðursjóinn

„Þegar ég kom út úr Stýrimannaskólanum vorið 1973 fór ég sem fyrsti stýrimaður á Helgu II RE á síld í Norðursjónum. Ég leysti svo af þar 1974 í fyrsta sinn sem skipstjóri. Árið 1975 fór ég svo yfir á Ásberg aftur og var þá stýrimaður og afleysingaskipstjóri. Þar var ég til 1978, þegar það skip var selt til Noregs. Þá fór ég eina vertíð sem stýrimaður á Narfa, sem þá var verið að breyta í nótaskip en svo tók ég við Dagfara vorið 1978. Þetta voru allt nóta- og vertíðarbátar en á Dagfara fórum við líka á fiskitroll á sumrin. Ég var með Dagfara til 1984, en tók þá við gamla Jóni Finnssyni um vorið. Hann var svo seldur um næstu áramót en Gísli útgerðarmaður var þá að kaupa nýjan bát. Þá var ég með Þórshamar á loðnu og svo Eldborgu á rækju á sumrin og var að leysa af á ýmsum bátum meðan ég var að bíða eftir nýjum Jóni Finnssyni. Hann kom svo árið 1987 og ég tók þá við honum. Það var ágætis bátur, góður nótabátur. Ég var svo með hann til 1993. Þá hætti ég þar og réð mig hjá Miðnesi og var með Keflvíking. Á sama tíma var ég orðinn formaður skipstjórafélagsins Öldunnar í Reykjavík, tók við því 1993. Ég var svo með Keflvíking 1996 en þá var Elliði keyptur og ég tók við honum. Tveimur árum seinna sameinaðist Miðnes HB á Akranesi. Ég var svo með Óla í Sandgerði í tvö ár og síðan tók ég við Ingunni ásamt Marteini Einarssyni. Hún kom 2001 og var smíðuð í Síle. Árið 2015 tók ég svo við Venusi sem var nýsmíði frá Tyrklandi. Svo hætti ég fyrir ári síðan eftir 52 ár á sjó. Mér fannst alveg komið nóg," segir Guðlaugur.

■ Venus á loðnuveiðum með 800 tonn í nótinni á síðunni.

■ Nótin á síðunni og dæling hafin.

■ Guðlaugur fyrir miðju ásamt áhöfninni í síðustu veiðiferðinni.

Á nærri 50 loðnuvertíðum

Guðlaugur segir að sér hafi fundist nótin skemmtilegasta veiðarfærið en trollið allt í lagi. Það var eitthvað við nótina sem heillaði hann. Hann fór fyrst á loðnu veturinn 1970 sem háseti og hefur því verið á loðnuvertíðum í nærri 50 ár, ef frá er talið þegar hann var í skólanum. Engin loðna hefur verið veidd nú í tvö ár en Guðlaugur segir það sérstakan fisk og engin vertíð sé eins. Þetta sé fiskur sem lifir stutt og erfitt að fylgjast með honum. Svo hafi orðið mikil breyting síðustu 10 árin við landið, göngumynstur loðnunnar hafi verið að gjörbreytast. Nú sé mikill hluti af henni farinn að hrygna fyrir norðan og hrygningin hafi dreifst miklu meira en áður var. Hér áður fyrr hafi verið hægt að ganga að loðnunni vísri. Í byrjun febrúar hafi hún komið upp á grunn og hafi farið rólega vestur með landinu. Á síðari árum hafi hún farið mjög hratt með landinu og vestur fyrir. Þá hafi verið orðið svolítið erfitt að fylgja henni eftir. Guðlaugur telur ekki að veiðar á loðnu í troll hafi haft áhrif á göngu loðnunnar. Á þeim tíma hafi ekki náðst

■ Gengið frá borði í síðasta sinn. „Var búinn að vera á sjó í 52 ár og fannst mál til komið að hætta.

■ Kátt á Hjalla í brúnni hjá Guðlaugi.

að veiða neitt nema með trolli. Þess vegna hafi menn verið að nota trollið. Vinnslan hafi líka viljað fá loðnu reglulega til vinnslu svo hægt væri að halda samfelldri vinnslu. Veiðar á loðnu í nót hafi ekki verið jafn stöðugar og í trollið. Veðrið hafi oft hamlað nótaveiðunum en í slæmu veðrihafi verið hægt að vera með troll svo það hafi verið hvati til að fara með trollið í loðnuna.

Veiddi makríl í nót við Færeyjar

Guðlaugur er einn þeirra sem byrjuðu að veiða makríl hér við land. „Fyrsta skipti sem ég fór á makrílveiðar sem skipstjóri var 1998 þegar ég fór með Elliða að veiða makríl í færeyskri lögsögu. Það var smá kvóti þar. Þá veiddum við í nót og sigldum með aflann til Noregs. Það var reyndar ekki mikið magn og smá augu sem við vorum að kasta á. Svo kom makríllinn hingað eins og guðsgjöf, mikið með síld fyrstu árin. Síðan þróaðist þetta og við fórum að geta skilið þar á milli og gátum nýtt þetta betur með breyttum veiðarfærum. Maður tók töluverðan þátt í því með Hampiðjunni að þróa makríl- og kolmunnatroll, sem var mjög áhugaverð og svolítið skemmtileg vinna. Makríllinn kemur hingað í ætisleit og vonandi verða aðstæður hér þannig að hann haldi áfram að koma. Það eina sem kannski hefur verið gert vitlaust í þessum makrílveiðum og stjórnun þeirra er að við höfum ekki getað náð samningum um skiptingu veiðanna. Það er bölvanlegt því þá getum við ekki sótt hann eins víða og ella. Við fáum ekki aðgang að lögsögu Noregs og Evrópusambandsins til dæmis. Það er mjög slæmt að hafa ekki samninga um fasta hlutdeild.

Það er gaman að veiða makríl og síld, svolítið sérstakt en eini gallinn að maður var að veiða í troll. Það hefði verið skemmtilegra að veiða þetta í nót. Mér fannst það meira spennandi. Það hefur komið mikið af norsk-íslenskri síld upp að landinu fyrir austan á hverju ári. Það er munstur sem er að taka sig upp frá því sem var hér áður fyrr. Það er síld að ganga vestur með Norðurlandinu alveg að Vestfjörðum og mikið af henni," segir Guðlaugur.

Yfir 50.000 tonn á ári

Nú er staðan þannig að uppsjávarveiðiskip eru tiltölulega fá en mjög öflug og eru með verkefni allt árið um kring ef allt er í lagi. Þá er það loðna eftir áramót, svo kolmunni, síðan makríll og síld og svo kolmunni aftur framundir áramót. „Það hefur verið alveg nóg að gera síðustu árin og vonandi verður svo áfram. Við höfum verið að fiska yfir 50.000 tonn á ári enda kvótastaðan góð. Það hefði þótt gott á árum áður en þá voru auðvitað menn ekki með sömu góðu græjurnar og nú. Það er ekki samanburðarhæft."

Guðlaugur vill lítið tjá sig um fiskveiðistjórnunina. Hann segir að þar sé margt gott en einnig sitthvað sem betur megi fara. Ekkert sé fullkomið en kvótakerfið sé nauðsynlegt til að gera mönnum kleift að stýra veiðunum sem best og fá sem mest út úr aflanum. „Þetta er mjög auðvelt fyrir þá sem eru með góðan kvóta en það er mjög erfitt að komast inn í veiðarnar. Það hefur enginn efni á því."

Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is kemi

Tækniskólinn

Vel gekk að ljúka skólaárinu í skips- og vélstjórnargreinum

„Kennsla á þessum Covid-tíma gekk vonum framar. Kennarar stóðu sig frábærlega við að útfæra sitt kennsluefni á rafrænu formi og strax á öðrum degi samkomubanns voru kennslustundir færðar yfir í Teams-samskiptaforritið. Í stað þess að nemendur mættu í skólann þá mættu þeir á Teams á netinu og mæting nemenda var mjög góð og ekki síðri en alla jafna," segir Jón Hjalti Ásmundsson, skólastjóri Skipstjórnarskólans og Véltækniskólans hjá Tækniskólanum. Skólaárinu lauk með útskrift þann 29. maí síðastliðinn en líkt og hjá fleiri skólum var kraftur settur í að ljúka m.a. verklegum fögum þegar slakað var á samkomutakmörkunum í lok maí.

Dreifnámið vinsælt í skipstjórninni

Í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum voru í vetur tæplega 300 nemendur, þar af hátt í 170 í vélstjórnargreinum. „Líkt og alltaf hefur verið er mikill meirihluti nemenda í skipstjórnargreinum í dreifnámi og flestir þeirra sinna náminu samhliða vinnu úti á sjó. Flestir eru starfandi stýrimenn. Tæknin er orðin mjög góð og kerfið gengur því mjög vel þó stundum þurfi að borga svolítið fyrir gagnamagnið þegar kennslustundir eru spilaðar út á sjó. En staðreyndin er líka sú að þeir nemendur sem eru í dreifnáminu kjósa einmitt að velja sér þetta fyrirkomulag á náminu og þeim sækist námið almennt mjög vel. En þeir eru líka til sem þykir betra og meira aðhald að sækja tíma í dagskóla," segir Jón Hjalti.

„Meðalaldur nemenda í skipstjórnar- og vélarstjórnargreinum er almennt hærri en í öðrum námsleiðum Tækniskólans enda erum við með nemendur alveg yfir sextugt," bætir hann við.

Styttri námsleiðir í skoðun

Jón Hjalti segir að í báðum þessum námsgreinum hafi aðsókn heldur farið minnkandi síðustu ár. Það segir hann eiga sér margar skýringar.

„Ein skýringin kann að vera sú að skipunum fækkar og þar af leiðandi fækkar beinum störfum í þessum greinum úti á sjó. Fjölbreytni í námsmöguleikum hefur líka aukist undanfarin ár og svo eru þetta kannski ekki þau störf í samfélaginu sem eru mest áberandi. Skipstjórn og vélstjórn eru fjögurra og fimm ára nám, með öðrum orðum lengsta nám í framhaldsskóla á Íslandi og við höfum velt fyrir okkur hvort rétt sé að bjóða upp á sjávarútvegstengdar námsbrautir sem eru styttri til að gera þessar námsleiðir meira freistandi. Það er lítið um sjávarútvegstengt nám í framhaldsskólum hér á landi og þetta væri leið til að bæta úr því og auka áhugann," segir Jón Hjalti.

■ Jón Hjalti Ásmundsson, skólastjóri Skipstjórnarskólans og Vélstjórnarskólans, við skipstjórnarhermana sem eru mikilvægur búnaður í kennslu.

■ Skip- og vélstjórnargreinar eru kenndar í gamla stýrimannaskólahúsinu í Reykjavík.

Fyrirspurnir frá flugmönnum

Þegar harðnar á dalnum á atvinnumarkaði eykst jafnan ásókn í nám og við því búast margir skólar við þær aðstæður sem uppi eru nú í samfélaginu. Jón Hjalti segist vissulega hafa fengið fyrirspurnir frá t.d. flugmönnum en hann segir of snemmt að segja til um hvað skili sér inn í skólann í haust.

„Við sjáum að enn sem komið eru ekki mikið fleiri umsóknir en við fengum t.d. fyrir ári síðan. En við erum við því búnir að líkt og áður sækist margir eftir að koma í skólann, sérstaklega í dreifnámið. Tíminn verður því að leiða þetta í ljós," segir Jón Hjalti.

tskoli.is

■ Ungur og upprennandi vélstjóri.

Vilja svæðalokanir til að vernda höfrunga og hnísur

Vísindamenn hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES) leggja nú til að fiskveiðar verði bannaðar á ákveðnum svæðum í Biskajaflóa og Eystrasalti til að vernda sjávarspendýr, sem talin eru í útrýmingarhætti. Tillöguna má rekja til krafna nokkurra náttúruverndarfélaga. ICECS telur að sérstaklega séu tilteknar tegundir höfrunga á Biskajaflóa og hnísa í Eystrasalti í hættu.

Alls drápust 11.300 höfrungar í Biskajaflóa veturinn 2018-2019 samkvæmt talningu náttúruverndarsamtaka. Þau segja einnig að aðeins séu nokkur hundruð hnísur eftir í Eystrasaltinu. ICES leggur til við framkvæmdastjórn ESB að taka upp veiðistjórnun sem annars vegar feli í sér lokun veiðisvæða á þeim tímabilum, sem mest er um höfrunga og hnísur sem meðafla og hins vegar að nýttar verði sérstakar hvalafælur við veiðarnar, en þær gefa frá sé hátíðnihljóð og eiga að fæla hvalina frá. Slíkar tilraunir hafa verið gerðar hér við land, en fælurnar virðast þó ekki hafa skilað tilætluðum árangri.

ICES leggur ennfremur áherslu á að þetta sé fyrsta skrefið í friðunaraðgerðum og að taka verði upp verndaraðgerðir til langs tíma. Friðunarsinnar benda á að á 30 ára tímabili hafi aðildarlöndin ekki farið eftir settum lögum um að forðast meðafla og útkoman sé að höfrungur og hnísa á þessu tveimur hafsvæðum séu í útrýmingarhættu.

■ Höfrungar og hnísur teljast vera í útrýmingarhættu í Eystrasalti og Biskajaflóa.

Grásleppuveiðar

Stutt og snörp vertíð

■ Mikill grásleppuafli var á Norðurlandi í vor. Hér er grásleppu landað í Ólafsfirði.

Fiskistofa hefur tekið saman yfirlit yfir afla og meðafla grásleppubáta á vertíðinni sem stóð frá 10. mars en var stöðvuð þann 2. maí. Á þessu tímabili lönduðu 163 grásleppubátar um 5.290 tonnum. Heildarafli í grásleppu var tæplega 4.685 tonn og meðafli var því um 605 tonn. Bátar í Breiðafirði sem vanalega byrja um eða eftir 20. maí fengu leyfi til veiða í 15 daga frá 20. maí eða síðar á þessu ári en alls hafa 49 bátar rétt til að fá leyfi til þessara veiða en skilyrði er að þeir hafi stundað grásleppuveiðar á svæðinu árin 2018 eða 2019. Hver bátur má að hámarki landa 15 tonnum.

Hafrannsóknastofnun gerði tillögu um að heildarafli grásleppu yrði ekki meiri en 4.646 tonn og því er ljóst að aflinn verður umfram það á vertíðinni.

Mikill afli á Norðurlandi

Bakkafjörður var með flestar grásleppulandanir á aðal veiðitímabilinu í vor, þ.e. 238 landanir en þar á eftir kom Ólafsfjörður með 199. Fjöldi báta var líka mestur á Bakkafirði eða 17. Þrettán bátar lönduðu í Ólafsfirði og 12 á bæði Siglufirði og Skagaströnd.

Landað magn var mest á Bakkafirði eða 535 tonn en næst komu Drangsnes með 377 tonn, Siglufjörður með 337 tonn og síðan Húsavík, Ólafsfjörður, Raufarhöfn, Sauðárkrókur og Skagaströnd með 250-300 tonn hver löndunarhöfn.

Magn meðafla mismunandi

Mikil áhersla er lögð á að meðafli á grásleppuveiðum sé skráður og er þar bæði átt við aðrar fisktekundir, sel og sjófugla. Þetta er talið sér í lagi mikilvægt nú þegar barist er fyrir að MSC vottun á grásleppuveiðar á Íslandi fáist á nýjan leik en sérstaklega hefur í því tilliti verið horft til þess að draga sem kostur er úr því að selir komi í net grásleppubátanna.

Eins og áður segir er mikið horft til meðaaflans og skoðaði Fiskistofa meðaflann sem hlutfall af heildarafla. Þá kom í ljós að hann var mestur í lönduðum afla á Árskógssandi, eða 38%. Síðan komu bátar á Dalvík með 26% meðafla, Ólafsvík með 28% og Keflavík með 22%. Bátar í öðrum löndunarhöfnum voru með innan við 20% meðafla og 19 hafnir með innan við 10% meðafla.

■ Meðafli á grásleppuvertíðinni í vor var rösklega 600 tonn.

Annar bragur en venjulega á sjómannadagshátíðum

Samkomutakmarkanir og tilmæli sóttvarnayfirvalda hafa haft mikil áhrif á hefðbundið samkomuhald sjómannadagshelgarinnar. Tekin var ákvörðun í apríl um að fella niður Hátíð hafsins í Reykjavík að þessu sinni og slíkt hið sama var gert í Grindavík þar sem sem halda átti að vanda bæjarhátíðina Sjóarann síkáta.

Á sumum stöðum verða hátíðarhöld með talsvert breyttu sniði og víðast hvar falla hefðbundnir dansleikir niður. Í Vestmannaeyjum verður áhersla lögð á skemmtun fyrir börnin á laugardeginum, róður verður á sínum stað, sjómannadagsmessa á sunnudagsmorgninum og heiðranir sjómanna síðar sama dag.

Á Patreksfirði er einnig löng hefð fyrir sjómannadagshátíðinni og hefst hún að vanda á fimmtudag með víðavangshlaupi. Síðdegis á föstudag heimsækir Leikhópurinn Lotta Patreksfjörð og sýnir Bakkabræður og um kvöldið verða tónleikar með gullmolum úr lagasafni Steingríms M. Sigfússonar. Á laugardaginn verður kökubasar, sjávarréttagrill, sigling og keppni í sjómann og loks sjómannamessa á sunnudagsmorni en að henni lokinni verður skrúðganga frá kirkju.

Messuhald verður með hefðbundnum hætti um land allt og er sá háttur víða hafður á að sjómenn séu heiðraðir í tengslum við messuhaldið.

■ Börn í sjóstangveiði á Patreksfirði. Víða er reynt að halda þeim dagskrárliðum inni af skipulögðum hátíðarhöldum um sjómannadagshelgina sem snúa að yngstu kynslóðinni.

Rólegt á humrinum

Humarvertíðin fer hægt af stað enda hefur kvóti aldrei verið minni. Leyfilegt er að taka 69 tonn miðað við slitinn humar, þótt humrinum sé alla jafna landað heilum. Í góðu ári hefði þetta verið þokkalegur skammtur fyrir einn bát. Sama og engin veiði hefur verið á vestursvæðinu en þokkaleg veiði fyrst fyrir austan. Aflinn er nú kominn eitthvað yfir 30 tonnin. Sjö bátar hafa landað humri það sem af er og eru nú allir bátarnir á austursvæðinu.

500 til 600 kíló í holi

„Þetta er afskaplega rólegt. Við byrjuðum eftir páska. Þetta var alveg viðunandi fyrstu túrana, en síðan hefur þetta verið tregt, 500 til 600 kíló og minna miðað við slitinn humar. Það er verið að toga í fimm og hálfan tíma. Við erum í Hornafjarðardýpinu núna en í maí höfum við verið stóran hluta í Breiðamerkurdýpinu, kringum Kvískerjahrygginn," sagði Ragnar Borgþór Torfason, skipstjóri á Þóri SF þegar rætt var við hann.

„Þetta er bara alveg ágætis humar en það sést alveg smátt í þessu svo það er einhver nýliðun. Við erum með tæplega 30 tonna kvóta í ár á Þóri og Skinney miðað við slitið og ég held að við séum alla vega hálfnaðir. Við megum veiða sýnist mér rúm 14 tonn til að fara eitthvað inn á næsta árs kvóta.

Bara fiskur á vestursvæðinu

Sunnlendingarnir hafa verið að prófa vestursvæðið en þar var allt fullt af fiski og enginn humar. „Það var alveg sama á hvaða bleyðu þeir voru þarna vestur frá, bara fiskur. Ég veit ekki hvort þeir voru að ná karinu í túrnum sem eru bara einhver 30 til 40 kíló. Það hangir enginn á því og svo mega þeir heldur ekki liggja svona í fiski."

Humaraflinn hefur farið hratt minnkandi undanfarin ár og vantaði mikið upp á að kvótinn næðist í fyrra. Nýliðun í stofninum hefur brugðist og því hefur kvótinn verið skorinn niður og veiðisvæðum lokað. „Vertíðin í fyrra var mjög stutt hjá okkur. Við vorum að koma úr breytingum og byrjuðum ekki fyrr en eftir sjómannadag, tókum einhverja níu túra. Það var allt tekið á vestursvæðinu en nú höldum við okkur fyrir austan."

■ Ragnar Borgþór Torfason, skipstjóri á Þóri SF, segir að nokkuð sé um humar í þorskmögum.

Þorskurinn að éta humarinn

„Við verðum að vona að veiðin lagist fljótlega en ég er ekki viss um að það komi einhver kraftur í þetta í sumar. Við verðum að vona að botninum sé náð. Nú veit maður ekkert hvað er að ske í Jökuldýpinu og Lónsdýpinu. Þar er lokað annað sumarið í röð og svo eru dýpin lokuð fyrir togveiðum á veturna. Þetta fær því mikla friðun en kannski er þorskurinn að éta humarinn, maður sér alveg humar í honum. Það mætti alveg veiða meira af þorskinum," segir Ragnar.

Rétt fyrir mánaðamótin höfðu sjö bátar landað humri. Skinney var þá aflahæst með 8,7 tonn, Þórir var með 7,9, Jón á Hofi með 6,3, Brynjólfur með 1,4, Sigurður Ólafsson með 900 kíló og Drangavík með 892 kíló.

■ Humarveiðin er í mikilli lægð sem stendur.

Hágæða vörur fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í yfir 30 ár

HNÍFALOKAR · RENNILOKAR · SPJALDLOKAR · KEILULOKAR · SÍÐULOKAR
BOTNLOKAR · EINSTEFNULOKAR · KÚLULOKAR · SÍUR · RENNSLISMÆLAR

VK vörukaup Metnaður og þjónusta í þína þágu

KVIKA

LAMBHAGAVEGI 5 · 113 REYKJAVÍK · SÍMI 516-2600 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is

Skiptar skoðanir hjá sveitarstjórnum um fiskeldi í Eyjafirði

■ Ljóst er að ekki er samstaða í sveitarstjórnum við Eyjafjörð um hvort byggja eigi upp sjókvíaeldi í firðinum.

Bæjarstjórn Akureyrar klofnaði á dögunum í umræðum um mögulegt sjókvíaeldi í Eyjafirði. Sjö fulltrúar í bæjarstjórn stóðu að samþykkt um að leggja til við sjávarútvegsráðherra að Eyjafjörður skuli friðaður fyrir sjókvíaeldi og segir í samþykktinni að bæjarstjórn telji „að með þeirri ákvörðun verði meiri hagsmunum ekki fórnað fyrir minni en hvetur til uppbyggingar á fiskeldi á landi.“

Vilja strandsvæðaskipulag fyrir Eyjafjörð

Í kjölfar þessarar samþykktar lögðu fjórir bæjarfulltúar fram tillögu þar sem skorað er á stjórnvöld að unnið verði strandsvæðaskipulag fyrir allan fjörðinn, áður en lengra verði haldið, með aðkomu sveitarfélaga og að engin leyfi verði gefin út til sjókvíaeldis fyrr en slíkt skipulag liggi fyrir. Þessi tillaga var samþykkt með fjórum atkvæðum en hjásetu þeirra bæjarfulltrúa sem samþykktu áskorun um friðun.

„Laxeldi í sjó hefur byggst hratt upp við Ísland á undanförnum árum og virðist ætla að hasla sér völl sem mikilvæg atvinnugrein. Á hinn bóginn fylgja því ýmsar hættur fyrir villta náttúru og mögulega árekstrar við aðrar atvinnugreinar. Því er nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar og gaumgæfa allar hliðar málsins áður en ákvarðanir verða teknar um fiskeldi í sjó í Eyjafirði. Við teljum það lykilatriði að samráð sé haft við sveitarfélög og íbúa í jafn umfangsmiklu máli og fiskeldi er og teljum ótækt að slíkar ákvarðanir verði teknar í óþökk heimamanna,“ segir í seinni tillögunni.

Fjallabyggð hafnar friðunartillögunni

Í kjölfar þessarar umfjöllunar bæjarstjórnar Akureyrar fjallaði bæjarráð Fjallabyggðar einnig um málið en tilefni þessara umfjallana stjórna sveitarfélaganna er m.a. nýleg ályktun Samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra þar sem segir að sýna þurfi mikla varkárni gagnvart lífríki fjarðarins, gæta að áhrifum á ferðaþjónustu og ásýnd fjarðarins. Algjört lykilatriði sé að haft sé samráð við sveitarfélög og íbúa í jafn umfangmiklu máli.

Bæjarráð Fjallabyggðar tók í sinni umfjöllun undir þessi síðastnefndu sjónarmið en lagðist eindregið gegn fyrri bókun bæjarstjórnar Akureyrar um að leggja til friðun fjarðarins fyrir sjókvíaeldi.

„Með uppbyggingu undanfarinna ára hefur laxeldi í sjó haslað sér völl sem mikilvæg atvinnugrein á Íslandi um leið og í ljós hafa komið miklir möguleikar til frekari þróunar greinarinnar. En á sama tíma og ljóst er að miklir möguleikar eru til þróunar og vaxtar greinarinnar þá er einnig ljóst að varlega þarf að stíga til jarðar. Gæta þarf að áhrifum, jákvæðum sem neikvæðum, á náttúru og hugsanlegum áhrifum á aðrar atvinnugreinar sem og samfélög í heild. Því telur bæjarráð nauðsynlegt að gaumgæfa allar hliðar máls og að það sé best gert með öflugu samtali og samráði allra sveitarfélaga við Eyjafjörð með þátttöku íbúa og þekkingarsamfélags,“ segir í bókun bæjarráðs Fjallabyggðar.

Hefur alltaf liðið vel á sjónum

Ríkharður Jón Stefánsson, kokkur á Bergey VE, hefur verið sjómaður í rúma fjóra áratugi

■ Ríkharður Jón Stefánsson í eldhúsinu á nýju Bergey VE. „Hér er góður aðbúnaður í alla staði en við erum enn að læra á skipið," segir hann.

„Ég byrjaði 15 ára gamall að bera fisk á borð í Ísfélaginu hér í Eyjum en fór fyrst á sjó árið 1978, þá á togarann Vestmannaey. Fór síðan á Klakk og aftur á Vestmannaey. Í dag er ég á Bergey VE, þriðja skipinu með þessu nafni en ég var í áhöfn fyrstu Bergeyjunnar og hef því verið á þeim öllum. Mér hefur alltaf liðið vel á sjó og þykir starfið skemmtilegt þó vinnan geti verið mikil. Mig vantar sjö ár til að ná 50 árunum á sjó og það væri gaman að ná þeim áfanga," segir Ríkharður Jón Stefánsson, sjómaður í Vestmannaeyjum. Hann er einn af reynslumestu sjómönnunum í Eyjum og hefur um árabil verið í stjórn sjómannadagsráðs Vestmannaeyja og komið sem slíkur að skipulagi hátíðarhalda sjómannadagsins. Eyjamenn ætla að halda upp á sjómannadaginn í ár með fjölbreyttum hætti þó fella þurfi suma liði úr dagskránni vegna tilmæla sóttvarnaryfirvalda.

■ Til fjölda ára hafa Ríkharður og félagar hist í skötuveislu hjá Árna Johnsen á sjómannadaginn og sú hefð verður á sínum stað í ár, eins og reyndar margir af föstum liðum sjómannadagshátíðarinnar í Eyjum.

■ Ríkharður hefur dundað sér við málaralistina í frístundum undanfarin ár og ætlar að halda sölusýningu um sjómannadagshelgina í Vestmannaeyjum þar sem 25 myndir af Úteyjunum verða til sölu til styrktar Krabbameinsfélaginu í Vestmannaeyjum.

Sjómannadagshátíðin með breyttu sniði

„Já, við ætlum að halda okkar striki og fagna sjómannadeginum hér í Eyjum, þó það verði með örlítið breyttu sniði. Það verður dagskrá fyrir börnin á laugardeginum niður við höfn og kappróður verður á sínum stað. Sunnudagurinn verður líka hefðbundinn hjá mér, byrjað á að flagga, síðan förum við í skötuveislu til Árna Johnsen, förum þaðan í sjómannadagsmessu með viðkomu í einu húsi þar sem fáu kaffi og koníak, förum svo eftir messuna á hafnarsvæðið þar sem verða ræðuhöld og heiðranir. Þeir dagskrárliðir sem falla niður í ár verða sjómannadagsballið á sunnudagskvöldinu og kaffisala Slysavarnadeildarinnar Eykindils. Nýjungin í ár verður reyndar sú að við komum til með að dreifa sjómannadagsblaðinu okkar í öll hús í stað þess að selja það. En að öðru leyti verða hátíðarhöld sjómannadagshelgarinnar að mestu með hefðbundnum hætti," segir Ríkharður.

Kunni ekki að sjóða kartöflur!

Ríkharður segir það fyrst og fremst hafa verið tilviljun að hann varð kokkur en það gerðist árið 1982 þegar hann leysti Ómar Garðarsson af í eldhúsinu á Vestmannaey. „Ég kunni ekki einu sinni að sjóða kartöflur en það bjargaðist. Svo lærðist þetta bara smátt og smátt," segir Ríkharður. Hann fór á fyrstu Bergey VE þegar hún kom til Eyja árið 1983 og var þar í 9 ár. Hann fór síðan í önnur störf um tíma og síðan aftur á Bergey hjá Bergs-Hugins útgerðinni og hefur verið þar í 22 ár samfleytt. Í dag er sú útgerð dótturfélag Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað.

„Í dag er þetta þannig að stærstur hluti aflans hjá okkur fer í gáma á Bretlandsmarkað en hluti í vinnslurnar á Dalvík og á Seyðisfirði. Fiskverðið hefur verið gott úti og það skiptir miklu máli fyrir okkur sjómennina hvað tekjurnar varðar. Í gegnum tíðina hafa verið miklar sveiflur í tekjunum í sjómennskunni en þetta fyrirkomulag hefur alltaf skilað góðri afkomu," segir Ríkharður.

Heldur sölusýningu á Úteyjamálverkum

allur ágóði rennur til Krabbameinsfélagsins í Vestmannaeyjum

Ríkharður er sjálfmenntaður listmálari og segist mest hafa lært með því að fræðast á netinu. Hann segist þó aldrei mála úti á sjó enda gefist engin laus stund til þeirrar iðju.

„Ég var í Langholtsskóla sem barn og þá kenndi Sigfús Halldórsson okkur teikningu. Setti okkur fyrir og settist svo við píanóið og söng! Teikningin þótti mér mjög skemmtilegt fag og síðan blundaði alltaf í mér að teikna og mála. Byrjaði að teikna hesta, vita og alls kyns hluti en þegar dæturnar voru orðnar eldri fór ég að verja meiri tíma í þetta og mála. Ég hef því dundað mér við þetta tómstundagaman síðustu 15-20 árin og hef reyndar líka fengið leiðsögn hjá kunningja mínum sem er myndlistarkennari en mest geri ég þetta mér til skemmtunar. Þetta er mjög góð afþreying og tilbreyting frá sjómennskunni," segir Ríkharður sem ætlar um sjómannadagshelgina að halda sölusýningu á málverkum sínum af Úteyjunum en allur ágóðir mun renna til starfs krabbameinsfélagsins í Vestmannaeyjum.

Sýningin ber yfirskriftina „Heppnasti tengdapabbi í heimi – Úteyjarnar". Á henni eru 25 verk en sýningin verður opnuð föstudaginn 5. júní á Skipasandi í Vestmannaeyjum og verður opin alla sjómannadagshelgina.

Faxaflóahafnir sf. senda sjómönnum, fiskvinnslufólki, útgerðum og aðilum sem tengjast sjávarútvegi hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn



Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.

Ljósmynd: Pétur Kristjánsson.

Ljósmynd: Gunnlaugur Rögnvaldsson.

Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.

Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.

Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.

Ljósmynd: Pétur Þór Lárusson.

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

■ Ríkharður mokar ís í fiskikörin úr Bergey VE til að tryggja að gæðin haldist alla leið til kaupenda, hérlendis sem innanlands.

■ Ríkharður með félögum sínum í áhöfn Bergeyjar VE.

Fjórtán tíma vaktir

Þó Ríkharður sé kokkur um borð er hann alltaf í aðgerð. „Við stöndum 14 tíma vaktir en túrarnir eru stuttir, yfirleitt 2-3 dagar. Ég vakna um 9 á morgnana og byrja á að undirbúa hádegismatinn og fer síðan í aðgerð. Hádegismatinn tökum við svo þegar vel stendur á í aðgerðinni. Við reynum að hafa hann um kl. 12 en hann færist bara til eftir því hvernig staðan er. Kvöldmatur er alltaf kl. 19:30 og þá fer ég klukkutíma áður úr aðgerðinni til að elda. Vaktin hjá mér er síðan til miðnættis. Vinnudagurinn er því langur og nóg að gera, að minnsta kosti eins og fiskiríið hefur verið að undanförnu," segir Ríkharður. Hann segist oft vera með fisk í hádeginu. „Strákarnir um borð vilja fá fisk en annars er þetta fjölbreyttur matur á þessum skipum og gott fæði yfir línuna. Og alltaf ávextir í boði utan matmálstíma."

Enn að læra á nýja skipið

Ríkharður segir að áhöfnin sé enn að læra á nýja skipið en það var tekið í notkun í lok síðasta árs. Bergey VE er eitt af sjö samskonar togskipum sem komu í íslenska flotann frá Vard skipasmíðastöðinni í Noregi en Bergey og Vestmannaey eru systurskip hjá Berg-Hugins útgerðinni í Vestmannaeyjum.

„Þetta er flott skip og fyrsta flokks aðstaða fyrir áhöfnina. Ég var í 12 ár á síðustu Bergey og kunni alltaf mjög vel við hana en þetta er svolítið öðruvísi skip að byggingarlagi. Íbúðirnar eru á þriðju hæð í staðinn fyrir neðandekks eins og á hinu skipinu. Þetta skip veltur meira en við erum bara að læra á þetta og kunnum æ betur við okkur um borð. Til að mynda er aðgerðaraðstaðan til fyrirmyndar, við þurfum ekkert að beygja okkur, getum stillt vinnuborðin og fleira má telja. Útgerðin hugsar vel um okkur og til að mynda eru öryggismálin líka til mikillar fyrirmyndar hjá Síldarvinnslunni. Í dag er miklu meira hugsað um öryggismálin en áður var, reglulegar öryggisæfingar og bara sem dæmi þá höfum við tekið þrjár slíkar núna frá áramótum. Þetta er gjörbreyting frá því sem áður var og má þakka starfi Slysavarnaskóla sjómanna sem ég er ekki í vafa um að hefur í raun bjargað mörgum mannslífum á sjó," segir Ríkharður.

Miklu verri veður en áður

Tíðarfarið í vetur hefur reynt á sjómenn á Íslandsmiðum, miklar brælur og stórviðri. „Þegar ég var að byrja á sjó á sínum tíma komu oft kaflar með stinningskalda og vindi. Tíðarfarið núna er hins vegar miklu verra, mun verri veður en áður. Núna erum við aftur og aftur að sjá 40-50 metra vindhraða en slíkt þekktist ekki fyrir 40 árum. Fyrir vikið reynir mjög mikið á skrokkinn á mönnum," segir Ríkharður. Hann er að jafnaði rúmlega 200 daga á sjó á ári og segir það hæfilegt. „Hér áður fyrr var róið mun stífar. Þá þekktist heldur ekki að menn tækju sér frí til að vera heima með fjölskyldunni þegar t.d. börnin áttu afmæli. Það eru breyttir tímar hvað þetta varðar og bara gott eitt um það að segja."

Siglingarnar voru toppurinn

Á blómatíma siglinga íslenskra togara með afla til Bretlands fór Ríkharður oft í siglingar og segir það hafa verið skemmtilegan tíma. Mikil spenna og tilbreyting.

„Þarna í kringum 1980 var t.d. skammtaður gjaldeyrir en það breyttist þegar Visa-kortin komu til sögunnar. Þá var ekkert internet en við vorum með stóran vörulista um borð sem menn skoðuðu og sáu eitthvað til að kaupa. Við komum aldrei tómhentir heim úr siglingum. Ég held að þetta hafi verið skemmtilegasta tímabil sem ég hef upplifað í sjómennskunni. Við fórum oft til Hull og Grimsby en fyrir stuttu fór ég til Grimsby og þar er allt orðið mikið breytt frá því sem var á þessum árum," segir Ríkharður.

Gleðilega sjómannadagshátíð!

G.RUN

STÁLSMIÐJAN FRAMTAK EHF

ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

eyjabiti
Darri ehf. – Harðfiskverkun

Félag skipstjórnarmanna

NAUTIC

Hvalur hf.
Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfjörður

ESKJA

HAFNARFJARÐARHÖFN

Brúin

Egersund Island

málning
- það segir sig sjálft -

RAMMI

navis

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

VÉLAR OG SKIP

SCANMAR

SVN
Síldarvinnslan hf

Vélsmiðja ORMS & VÍGLUNDAR ehf.

KNARR
Icelandic Maritime Consortium

Skinney - Þinganes hf

APÓTEK VESTURLANDS

Sjómannasamband Íslands

FMS
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
www.fms.is

BEITIR EHF

SÓNAR
HEILDARLAUSN Í SIGLINGATÆKJUM

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

112
EINN EINN TVEIR

Vestmannaeyjahöfn

RAFTÍÐNI EHF
Sími 552 8710 raftidni@raftidni.is
rafvélaverkstæði - vindingar
skipaþjónusta - raflagnir - viðhald
Grandagarður 16 · 101 Reykjavík

NAUST marine

Brimrún
FURUNO

EIÐARFÆRA ÞJÓNUSTAN ehf

Hafnir Ísafjarðarbæjar

ICELAND RESPONSIBLE FISHERIES
CERTIFIED

Simberg ehf

matís

FISK KAUP HF

VSS VAKTSTÖÐ SIGLINGA

oddi HF

Fiskar eru ekki skírðir!

Gunnar Jónsson, fiskifræðingur, hefur gefið fleiri fiskum íslensk nöfn en nokkur annar

„Mér er illa við að talað sé um að skíra fiska. Fiskum eru gefin nöfn eða heiti. Það eru aðrir menn sem sjá um skírnir. Ég hef aldrei skírt einn einasta fisk og fer ekki inn á verksvið þeirra sem eru skírarar.“ Þetta segir Gunnar Jónsson, fiskifræðingur sem hefur gefið fleiri fiskum íslensk nöfn en nokkur annar maður. Hann hefur einnig skrifað bækur um íslenska fiska og samið nafnaskrá yfir hvorki meira né minna en 1.144 fiska úr öllum heimshöfum og nöfn nokkurra vatnafiska frá Evrópu og N-Ameríku, nöfn á 31 hval, 18 selanöfn og nöfn 155 hryggleysingja, alls 1.348 nöfn. Nöfnin eru á íslensku, latínu, norsku, dönsku, þýsku, frönsku og ensku.

■ Gunnar Jónsson, fiskifræðingur.

Glettilega gaman

Í bókinni Íslenskir fiskar eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson frá 2013 er listi yfir höfunda íslenskra fiskanafna. Auk Gunnars eru til dæmis á listanum þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson, Benedikt Gröndal og Bjarni Sæmundsson. Alls eru 16 menn skráðir fyrir nöfnunum. Af fiskanöfnum frá Gunnari má til dæmis nefna nöfnin durgur, glókollur, hveljumjósi, kjáni, leðjuláki, litla frenja, násurtla, orðufiskur, ránargreifi, sláni, sníkir, surtlusystir og þverhyrna.

„Mér fannst glettilega gaman að fást við að skrifa bækur um fiska, gefa þeim nöfn og greina nýja „furðufiska“. Ég kallaði þá reyndar „rarafiska“ enda „rare“ á ensku. Ég tók líka alltaf saman árlega fyrir Ægi lista yfir sjaldséðar fisktegundir sem bárust okkur á Hafrannsóknastofnun. Mér finnst minna um það nú orðið að það séu að finnast nýjar tegundir hér við landið en var. Kannski eru þeir ekki velkomnir lengur!“

Til eru nöfn á 340 fiskum sem veiðst hafa umhverfis landið, innan lögsögu með nokkrum undantekningum. Nýjum tegundum eru gefin nöfn jafnóðum og þær finnast og eru til um það ýmsar gamlar heimildir. Nöfn helstu nytjafiska eins og þorsks og ýsu tóku landnemarnir með sér frá Noregi og reyndar áttu þessir fiskar sér nokkuð mörg nöfn til dæmis eftir stærð og útliti. Nöfn á nýjum tegundum koma frekar seint inn í íslenskuna.

■ Angerfish.

■ Dapri.

■ Kjáni.

■ Atlantshafsbaulari.

Vísindaleg heiti

„En allar fiskitegundir bera vísindaleg heiti, yfirleitt á latínu eða grísku og eru þá þau sömu um allan heim. Þau eru notuð til að „merkja“ hverja tegund fyrir sig, hver tegund hefur einungis eitt gilt vísindanafn. Það er því nokkurs konar kennitala tegundarinnar. Fyrsta nafnið í vísindanafninu er ættkvíslarnafn og bera náskyldar tegundir því sama ættkvíslarnafn (t.d. Salmo trutta = urriði og Salmo salar = lax), en síðara nafnið einkennir hverja tegund innan ættkvíslarinnar fyrir sig. Margar tegundir geta borið sama seinna nafnið en þær verða þá að bera mismunandi ættkvíslarnöfn. Ættkvíslarnafnið er einstakt, t.d. mega engar tegundir bera nafnið Salmo nema vera náskyldar laxi. Vísindanafnið er yfirleitt latneskt eða grískt og lýsir gjarnan einhverjum ákveðnum eiginleikum dýrsins. Oft er það þó eitthvað allt annað, t.d. nafn einhvers vísindamanns sem þá er verið að heiðra. Sá sem lýsir lífverunni fyrst fær heiðurinn af því að ákveða vísindanafnið en má þó ekki nefna hana eftir sjálfum sér. Oft fylgir þó nafn og ártal á eftir vísindanafninu, t.d. Anarhichas minor Olafsen, 1772. Þetta er hlýri og sá sem fyrstur var í heiminum til að lýsa honum vísindalega var Eggert Ólafsson árið 1772,“ segir í ritinu Nytjafiskar við Ísland.

Glókollur

„Þegar fiskum eru gefin nöfn getur ætt þeirra og útlit ráðið miklu um nafngiftina en fleira getur komið til. Ég gerði það til dæmis af prakkaraskap að kenna einn fisk við þáverandi forseta okkar, Ólaf Ragnar Grímsson og kallaði fiskinn glókoll, en þú ferð nú ekkert lengra með það!

Latnesku nöfnin eru oft lýsandi og því er oft hægt að taka mið af þeim við nafngiftir á íslensku. Ég átti nú að læra latínu þegar ég var í skóla en var ekki sérlega spenntur fyrir henni. Það var svo skólabróðir minn í Þýskalandi, sem var að læra latínu, frönsku og ítölsku sem

■ Brynstirtla.

■ Ýsa.



■ Smjörfiskur.

„Þegar fiskum eru gefin nöfn getur ætt þeirra og útlit ráðið miklu um nafngiftina en fleira getur komið til. Ég gerði það til dæmis af prakkaraskap að kenna einn fisk við þáverandi forseta okkar, Ólaf Ragnar Grímsson og kallaði fiskinn glókoll, en þú ferð nú ekkert lengra með það!“

komst í dýrafræðibækurnar mínar og sá þar öll þessu latnesku nöfn. Hann uppveðraðist allur við það og þá fór ég að hafa á huga á þessum latnesku fiskanöfnum. Þau eru oft lýsandi fyrir utan það þegar menn eru að klína sínum eigin nöfnum inn í nafngiftina eða kenna fiska við einhverja aðra menn. Hér hafa menn ekkert farið út í þá sálma að nefna fisk eftir sér eða öðrum, til dæmis Jónsfisk eða Gunnarsfisk.“

Þorskurinn heitir á latínu Gadus morhua og stendur þá Gadus fyrir ætthvíslina og morhua fyrir tegundarheitið. Ýsa heitir á latínu Melanogrammus aegelfinus og er þar til dæmis tilvísun í svarta blettinn og rákina á ýsunni. Svo eru nöfn stundum þýdd úr öðrum tungumálum, til dæmis norsku.

Brynstirtla betra en hrossamakríll

„Það er svo oft sem íslenskir blaðamenn taka sig til að þýða fiskanöfn til dæmis úr ensku með misgóðum árangri og vita þá ekki að til eru mjög góð íslensk nöfn yfir fiskana. Þar má nefna makríltegund heim heitir á ensku „horse mackerel“ og hefur því verið kallaður hrossamakríll á íslensku en til er miklu betra íslensk nafn sem er brynstirtla, bæði kjarnyrt og lýsandi fyrir fiskinn. Þetta nafn er komið frá Jónasi Hallgrímssyni. Hann á ýmis fiskanöfn eins og gaddahrognkelsi og gullufsi, sem sennilega er fiskur sem líka heitir lýr og er af þorskfiskaætt.“

Kennsla og bókaskrif

Gunnar var fastráðinn hjá Hafrannsóknastofnuninni fyrsta apríl 1963 og hann hætti þegar hann var að verða sjötugur 2004.

„Ég var því þarna í rúm 40 ár en sagði nú alltaf í gamni að ég væri vistmaður þarna. Það voru svo léleg launin til að byrja með að maður varð að finna sér einhverja aukavinnu. Það voru reyndar búdrýgindi að komast á sjóinn í rannsóknarleiðangra. Fyrir það var borgað aukalega, en þessa nutu mest þeir sem voru í síld og síðan loðnu. Aðalsteinn Sigurðsson kallaði þetta stórfréttafiska og ég kallaði þá poppfiska. Ég fór því að kenna við Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði sem þá var nýlega stofnaður. Um svipað leyti voru að seljast upp síðustu eintökin af fiskabók Bjarna Sæmundssonar sem fyrst kom út 1926 og var endurútgefin 1957. Ég varð því að skrifa eitthvert smá hefti og þá varð til bókin Fisklíffræði, sem var kölluð Fiskalýðræði seinna. Svo fór ég að týna saman efni í nýja fiskabók, yfirlit yfir alla fiska. Það var ágætt, enda þarft verkefni og kom bókin út 1983 og aftur endurbætt 1992 og loks ný og mikið breytt útgáfa eftir mig og Jónbjörn Pálsson árið 2013.“

KLÁRIR Í BÁTANA

Tudor rafgeymar • Traust gæði í 40 ár

Lokaðir Sýru

Hleðslutæki
12 eða 24v í mörgum stærðum

Þurrir AGM

TUDOR SKORRI TUDOR
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Blái herinn og Hampiðjan starfa saman

Gerður hefur verið samstarfssamningur milli Hampiðjunnar og Bláa hersins um hreinsun á rusli í fjörum landsins. Samkvæmt samningnum styrkir Hampiðjan Bláa herinn um 2,4 milljónir króna árlega með mánaðarlegum greiðslum. Tómas J. Knútsson, stofnandi Bláa hersins, fagnar samkomulaginu og segir aðkomu Hampiðjunnar tryggja að Blái herinn geti áfram starfað af fullum krafti.

Blái herinn er 25 ára um þessar mundir en áður starfaði Tómas sem kafari um 37 ára skeið. „Ég vissi því vel um þá ómynd sem blasti við manni neðansjávar og ég var óþreytandi að benda mönnum á að fjörur landsins væru að fyllast af ýmiss konar úrgangi, ekki síst plastúrgangi. Eftir að ég hætti að vinna sem kafari blöskraði mér ástandið og hét því að helga líf mitt og krafta baráttunni gegn þessum ófögnuði," segir Tómas en hann kveður samstarfið við Hampiðjuna hafa hafist á samtölum við Hjört Erlendsson forstjóra sem hafi tekið honum mjög vel. „Það varð úr að hópur frá Hampiðjunni fór í hreinsunarferð í Selvoginn í september í fyrra og tíndi þar upp rúmlega tvö tonn af plasti á til þess að gera skömmum tíma."

■ Forsvarsmenn Hampiðjunnar og Bláa hersins að undirritun samstarfssamnings lokinni.

Tómas segist vera mjög ánægður með að hafa fengið Hampiðjuna sem samstarfsaðila. Toyota hefur styrkt verkefnið frá upphafi en Tómas segir enga launung á því að til þess að fullkomna draumateymi Bláa hersins þá þurfi öflugt sjávarútvegsfyrirtæki að bætast í hópinn.

„Hampiðjan er gríðarlega öflugt fyrirtæki sem er með starfsemi víðs vegar um heiminn. Ég heyri það á forstjóranum að hann er áhugasamur um að sú fyrirmynd, sem við höfum byggt upp hér heima, verði að einhverju leyti flutt utan til annarra starfsstöðva Hampiðjunnar. Því fagna ég þótt við verðum fyrst og síðast að tryggja að strandlengja Íslands verði sú hreinasta og plastminnsta sem fyrirfinnst á byggðu bóli."

Starfsfólk Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjómannadaginn.

ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

VIÐ FÆRUM ÞÉR FAGURBLEIKA LAXINN SEM ÞIG DREYMIR UM

FYRSTA FLOKKS LAX

- Prótínríkur
- Auðugur af Omega 3
- Öruggt og gott eftirlit
- Ábyrgt fiskeldi
- Umhyggja fyrir náttúru
  - sjálfbærni til framtíðar

ICE FISH FARM

★ FISKELDI AUSTFJARÐA HF. ★

ENNEMM / SÍA / NM91475